



Íslenska landsliðið er með sjö stig í 2. sæti 1-riðils undankeppni HM 2018 eftir sannfærandi 2-0 sigur á Tyrklandi á Laugardalsvöllinum. Íslenska liðið var sterkara allt frá fyrstu mínútu til þeirrar síðustu og sigurinn var síst of stór. Baráttan í riðlinum er hörð því helstu keppinautar Íslendinga, Króatar og Úkraínnumenn, unnu einnig sína leiki í gær. Sjá síðu 14 FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

## Strákar sem elska að hanna

**MENNING** „Frelsið að vinna fyrir sjálfan sig við hluti sem maður hefur svona mikla ástriðu fyrir og hefur langað til að gera frá því maður var krakki, það er ekkert til í líkingu við það,“ segir Þorbjörn Einar Guðmundsson, stofnandi ULFR.

Einar er einn þriggja stráka sem eru fatahönnuðir og Fréttablaðið ræðir við í dag.

— sp / sjá síðu 24



## Fimmtungur fær 51 prósent launanna

**EFNAHAGSMÁL** Ríkasta tíund landsmanna á jafnmikið og um tveir þriðju hlutar landsmanna til samans. Eignir þeirra hafa aukist um 20 prósent frá árinu 2013 á meðan eignir annarra tekjuhópa hafa að jafnaði aukist um 13 prósent.

Að auki fór helmingur allra greiddra launa í fyrra til efstu tveggja tekjuhópanna. Þetta kemur fram í gögnum Hagstofu Íslands sem Fréttablaðið hefur tekið saman.

Ef skoðaðar eru breytingar á launum Íslendinga frá 2013 sést að heildararstekjur landsmanna hafa hækkað um 200 milljarða króna.



**Misskiptingin hér á landi er mikil og fer stækkandi.**

Aðalsteinn Baldursson, formaður stéttarfélagssins Framsýnar á Húsavík

Efstu tveir tekjuhóparnir, sá fimmtungur sem hefur hæstu launin, voru með samanlagt um 714 milljarða króna í laun í fyrra. Er þetta 51 prósent greiddra launa landsmanna á árinu.

Aðalsteinn Baldursson, formaður

stéttarfélagssins Framsýnar á Húsavík, segir þessar tölur sýna svo ekki verði um villst að peningum sé ekki nægilega skipt á milli þjóðfélags-hópa.

„Við sem töluðum fyrir því í vor að meira væri til skiptanna í kjarasamningum við SA vorum úthrópaðir sem einhverjir vitleysingar og við værum að stefna öllu í bál og brand,“ segir verkalyðsformaðurinn.

„Þetta bendir hins vegar til þess að við höfum haft rétt fyrir okkur. Misskiptingin hér á landi er mikil og fer stækkandi. Það blasir við,“ segir Aðalsteinn. — sa / sjá síðu 4

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Kristín Ólafsdóttir skrifar um blóðug börn á flóttu. **13**

**TÍMAMÓT** Fimmtán ár eru í dag síðan stúlkan Linda opnaði verslunarmiðstöðina Smáralind í Kópavogi. **16**

**LÍFIÐ** Erlingur Óttar Thoroddsen skrifaði handrit að og leikstýrói hryllingsmyndinni Child Eater. **26**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • LÍFIÐ**

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

NÝJAR VÖRUR Á AFSLÆTTI

# KRINGLUKAST

SÍÐASTI DAGURINN

20%  
TIL  
50%

Kringlan



## Veður



Fremur hæg suðvestanátt með skúraleiðingum í dag, en bjartviðri norðaustan til. Hiti 5 til 10 stig. **SJÁ SÍÐU 18**

## Þinglok verði í þessari viku

**STJÓRN MÁL** „Það liggur ekki fyrir dagsetning en ég geng út frá því að við munum slíta þingi í þessari viku,“ segir Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis. Ekki hefur náðst samkomulag um þinglok.

„Stjórnarflokkarnir voru lengi að gera upp hug sinn um hvernig þeir vildu forgangsraða. Það er svona að skýrast hvað stjórnarmeirihlutinn leggur áherslu á en það auðvitað flýtir fyrir málum. Hve langan tíma þetta mun taka er þó enn óvíst,“ segir Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs.

Helstu áherslumál ríkisstjórnarinnar eru almannatryggingafrumvarp og frumvarp um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð. – þh



Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis og þingmaður Sjálfstæðisflokksins

## Friðarsúlan lýsir á ný



Yoko Ono og Sean Lennon voru í Viðey í gærkvöldi er Friðarsúlan var tendruð. Ásamt þeim voru mætt Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur, Barbara Starr, kona Ringos Starr, Olivia Harrison, ekkja George Harrison, og Charlotte Kemp Muhl, kærasta Seans. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

## Morsárbrúnni miðar vel

**SAMGÖNGUR** „Brúardekkið er tilbúið til steypu. Við ætluðum að steypa þessa helgi en við þurftum að fresta því fram til þeirrar næstu vegna veðurs,“ sagði Sveinn Þórðarson brúarsmiður sem vinnur að byggingu tvíbreiðrar Morsárbrúar sem mun leysa Skeiðarárbrúna af hólmi.

Skeiðarárbrú, sem er einbreið, er í slæmu ástandi. Oft í viku skemmast hjólbarðar bíla sem aka um hana. Hætt verður að beina umferð um brúna þegar Morsárbrúin er tilbúin og fé hefur verið veitt til að tengja hana við Þjóðveginn.

Á hringveginum eru 39 einbreiðar brýr en unnið er að því að skipta þeim út. Við byggingu brúarinnar eru notaðir átján steypubílar sem aka alls 22 þúsund kílómetra með steypu frá Vík í Mýrdal að Morsá, en alls verða notaðir um 560 rúmmetrar af steypu við framkvæmdina.

Áætlað er að Morsárbrú verði tilbúin eftir fjórar til fimm vikur. – þh



Morsárbrúin sem er um 70 metra löng mun leysa gömlu Skeiðarárbrúna af. MYND/STEFÁN BJÖRN

## Víkíngaaldarsverðið sló í gegn á Þjóðminjasafni

Sverð eignað Hróari Tungugoða var til sýnis á Þjóðminjasafninu í gær. Mikill fjöldi mætti á sýninguna. Líklegt að rúmt ár sé þangað til að sverðið verði aftur til sýnis. Hróar var einn helsti valdsmaðurinn á svæðinu á seinni hluta 10. aldar.

**FORNMINJAR** „Þetta er glæsileg sýning og veglega að henni staðið,“ sagði Ólafur Kristján Valdimarsson, ein gæsaskyttanna sem fundu víkíngaaldarsverðið við Ytri-Ása í Skaftárhreppi á Suðurlandi fyrir um mánuði.

Þjóðminjasafnið stóð fyrir sýningu á sverðinu í gær en líklega var þetta eina tækifærið í rúmlega ár til þess að berja sverðið augum.

„Fyrst fannst sverðið og járnstykki sem menn telja vera sigð en svo fundust í seinna skiptið bein og aðrir munir. Búið er að greina munina og er um að ræða spjótsodd, hnif og hugsanlega örvarodd. Þegar rannsóknunum lýkur verður sverðinu komið fyrir á Þjóðminjasafninu,“ segir Uggi Evarsson, minjavörður Suðurlands.

Næst á dagskrá er að rannsaka efni sverðsins en búið er að röntgenmynda það.

Sandra Sif Einarsdóttir, sérfræðingur í forvörslu hjá Þjóðminjasafninu, segir sverðið vera með þeim heillegustu sem fundist hafa.

„Þetta sverð er með hjöltu þannig að hægt er að greina það til gerðar og þessi gerð sverðs er frá tímabilinu 950 til 1025. Þessi fundur hefði þó sagt okkur miklu meira hefði sverðið fundist í heilu kumli,“ segir Sandra.

Sverðið er það tuttugasta og þriðja sem finnst frá því tímabili en aðeins sextán hafa varðveist með hjöltum.

Gunnar Karlsson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, telur að eigandi sverðsins hafi verið Hróar Tungugoði. Líklega hafi bær hans Ásar verið á sömu slóðum og



Mikill fjöldi var samankominn í Þjóðminjasafninu í gær þegar víkíngaaldarsverðið var til sýnis. Áætlað er að sverðið sé yfir þúsund ára gamalt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Mér þykir það góð saga að þetta sé sverðið hans Hróars og vel líklegt. Það er merkilegt hvað búið var vel um hann er hann var drepinn.**

Snorri Tómasson, einn gesta í Þjóðminjasafninu í gær



Ytri-Ásar eru í dag. Sverðið fannst á víðavangi á árbakka í landi Ytri-Ása. Samkvæmt Íslendingasögnum og Landnámu var Hróar Tungugoði einn helsti valdsmaðurinn á seinni hluta tíundu aldar á Suðurlandi.

„Mér þykir það góð saga að þetta sé sverðið hans Hróars og vel líklegt. Það er merkilegt hvað búið var vel um hann er hann var drepinn. Þeir hafa sýnt honum þá virðingu,“ segir Snorri Tómasson, einn af fjölda gesta sem lögðu leið sína á Þjóðminjasafnið til að berja forngrípina augum. thorgeirh@frettabladid.is

Frá kr. **79.995** m/morgunmat Frábært að versla Góður matur

1. des. í 3 nætur

Nýr áfangastaður

# PORTO

Hotel Cristal Porto

Netverð á mann frá kr. 79.995 m.v.2 í herbergi með morgunmat.

Heimsferðir



TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

# — NÝ — COROLLA

Lengi býr að fyrstu gerð



Verð frá: 3.380.000 kr.

**Kynntu þér Toyota FLEX**

- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

Lág  
innborgun

Tryggt  
fram tíðarvirði

Fastar  
mánaðargreiðslur

## Mest seldi bíll í heimi!

Ný Corolla er enn eitt skrefið á 50 ára sigurgöngu. Ný hönnun með flæðandi línum að utan og faguð gæðasmíð með aukið rými að innan. Njóttu þess að horfa fram á veginn yfir endurhannað mælaborð með margmiðlun og tækni fyrir afþreyingu og öryggja ferð í þægilegum akstri. Finndu hvað gerir Corolla að mest selda bíl í heimi.

Kynntu þér nýja Corollu nánar á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)

## VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



**Toyota Kaupúni**  
Kaupúni 6  
Garðabæ  
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbæ  
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**  
Fossnesi 14  
Selfossi  
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

# Ríkið dæmt í annað sinn á árinu til þess að greiða Björgvini bætur

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi á fimmtudag íslenska ríkið til að greiða Björgvini Mýrdal Þóroddssyni bætur vegna ólögðra handtöku og líkamsleitar.

Málavextir eru þeir að Björgvin var gestur á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum í fyrra þegar lögregluhöfðu afskipti af honum og kröfðust þess að fá að leita á honum. Ástæðan var sú að fíkniefnahundur lögreglunnar

Ég er ánægður með að hafa unnið málið en mér finnst þessi vinnubrögð hjá lögreglunni vera með ólíkindum.

Björgvin Mýrdal Þóroddsson



hafði gefið til kynna að Björgvin kynni að vera með fíkniefni á sér. Björgvin neitaði að heimila líkamsleit vegna þess að hann taldi hvorki vera til staðar lagaskilyrði til handtöku né líkamsleitar. Var hann þá handtekinn fyrir framan fjölda manns og leitað á honum. Ekkert sagnæmt fannst og var Björgvini sleppt að leit lokinni.

Þá er gerð athugasemd í dómnum við að nafn félagsskapparins Snarrótarinnar hafi verið skrif-


ad í sviga á eftir nafni Björgvins. Snarróttin berst meðal annars gegn bannhyggju í fíkniefnamálum og gegnir Björgvin stöðu ritara í stjórn félagsins.

Dómurinn telur engin mál-efnaleg sjónarmið að baki slíkri skráningu af hálfu lögreglu og sjálfur telur Björgvin að með því að setja nafn Snarrótarinnar í skýrsluna hafi lögregla verið að skrá stjórn málskoðanir hans.

„Ég er ánægður með að hafa

unnið málið en mér finnst þessi vinnubrögð hjá lögreglunni vera með ólíkindum. Vonandi verður þessi dómur til þess að verklag hjá lögreglunni verði skoðað,“ segir Björgvin.

Þetta eru ekki einu bæturnar sem Björgvin Mýrdal Þóroddsson fær frá ríkinu á þessu ári. Í apríl síðastliðnum var íslenska ríkið dæmt til að greiða honum 600 þúsund krónur vegna ólögðra símhlerunar. – þh



Við Hafrafell. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Farþegar fastir í hallandi rútu

**SAMGÖNGUR** Vegkantur gaf sig undan rútu síðdegis í gær á veginum að Hafrafelli við Svínafellsjökul.

Rútan hallaðist og hætta var á að hún myndi velta ef farþegarnir 44 reyndu að yfirgefa hana.

Farþegarnir héldu ró sinni þar til björgunarsveitarmenn aðstoðuðu þá að komast út úr rútnunni að því er segir í frétt frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg. – þh



Höfuðstöðvar Politiken í Kaupmannahöfn. NORDICPHOTOS/GETTY

## Bókin birt þrátt fyrir lögbann



**FJÖLMIDLAR** Bókin Sjö ár hjá dönsku leyniþjónustunni verður birt á vef Politiken í dag. Fyrir helgi fékk danska leyniþjónustan PET lögbann á bókina sem fjallar um starfsár Jakobs Scharf hjá leyniþjónustunni.

Telur leyniþjónustan upplýsingar í bókinni geta skaðað starf hennar. Morten Skjoldager, höfundur bókarinnar, og Scharf vísa því á bug.

Christian Jensen, ritstjóri Politiken, segir lögbannið brjóta gegn tjáningarfrelsi. Með birtingu bókarinnar getur Politiken átt yfir höfði sér málsókn. – þh

## Skipting heildartekna Íslendinga árið 2015

Hagstofan raðar skattgreiðendum niður í tíu jafnstóra hópa eftir tekjum árið 2015. Hver litur táknar 10% skattgreiðenda og hlutfall hvers af heildartekjum.



# Laun þeirra ríku hækka hraðar

Laun á Íslandi hafa hækkað um 200 milljarða króna frá 2013. Ríkasti fimmtungur landsmanna fær nær 70 prósent þeirrar upphæðar í sinn skerf. Formaður Framsýnar segir stóratök þurfa í að jafna laun í landinu.

Sveinn Arnarsson sveinn@frettabladid.is

Misskiptingin hér á landi er mikil og fer stækkandi. Það blasir við.

Aðalsteinn Baldursson, formaður stéttarfélagssins Framsýnar á Húsavík



**EFNAHAGSMÁL** Ríkasta tíund landsmanna á jafnmikið og um tveir þriðju hlutar landsmanna til samans. Eignir þeirra hafa hækkað um 20 prósent frá árinu 2013 á meðan eignir annarra tekjuhópa hafa að jafnaði hækkað um 13 prósent. Að auki fór helmingur allra greiddra launa í fyrra til tveggja efnu tekjuhópanna.

Þetta kemur fram í gögnum Hagstofu Íslands sem Fréttablaðið hefur tekið saman. Hagstofan raðar einstaklingum niður í tíu jafnstóra hópa eftir tekjum. Þeir sem minnst hafa tekjur eru í fyrsta hópi og svo koll af kalli. Í ár eru rúmlega 20 þúsund manns í hverjum tekjuhópi en árið 2013 var fjöldi í hverjum hópi um 19.000 manns.

Er skoðaðar eru breytingar á launum Íslendinga frá árinu 2013 kemur fram að heildararstekjur landsmanna hafa hækkað um 200 milljarða króna.

Einnig eru fleiri á vinnumarkaði núna samanborið við tölurnar frá

2013. Efnu tekjuhópanir, sá fimmtungur sem hefur hæstu launin, var með samanlagt um 714 milljarða króna í laun í fyrra. Er þetta 51 prósent greiddra launa landsmanna á árinu.

Aðalsteinn Baldursson, formaður stéttarfélagssins Framsýnar á Húsavík, segir þessar tölur sýna svo ekki verði um villst að peningum sé ekki nægilega skipt á milli þjóðfélagshópa.

„Við sem töluðum fyrir því í vor að meira væri til skiptanna í kjarasamningum við SA vorum úthrópaðir sem einhverjir vitleysingar og við værum að stefna öllu í bál og brand,“ segir Aðalsteinn. „Þetta bendir hins vegar til þess að við höfum haft rétt fyrir

Við sjáum það í þessum tölum að stór hluti tekjuaukans færir á þá hæst launuðu í þessu landi.

Svandís Svavarsdóttir, þingmaður VG



okkur. Misskiptingin hér á landi er mikil og fer stækkandi. Það blasir við.“

Af þeim 200 milljörðum króna, sem greiddar voru í laun í fyrra umfram það sem var árið 2013, fara um 137 milljarðar, rúmlega tvær af hverjum þremur krónum, til efnu tveggja tíundanna, það er til þeirra 40 þúsund einstaklinga sem hæstar hafa tekjur og mestar eiga eignirnar í þessu landi.

Neðstu fjórir tekjuhópanir, 40 prósent þeirra sem eru með lægstar tekjur, fá greidda tíund allra launa í landinu í fyrra. Hafa þeir þó í huga að í neðstu tekjuhópnum eru einstaklingar sem eru í hlutastörfum, ungir námsmenn og fleiri.

Svandís Svavarsdóttir, þingkona VG, segir fleiri en eina þjóð lifa í þessu landi þar sem misskiptingin sé mikil. „Við sjáum það í þessum tölum að stór hluti tekjuaukans færir á þá hæst launuðu í þessu landi. Það segir okkur að það er ekki rétt gefið og við ættum að staldra við,“ segir hún.

„Alls staðar í hinum vestræna heimi er umræða um hið ríkasta eina prósent og að þeir einstaklingar þurfi að leggja meira af mörkum. Landsmenn hafa tvo valkosti í kosningunum eftir þrjár vikur. Annars vegar áframhaldandi misskiptingu í boði Bjarna Benediktssonar eða réttláta og sanngjarna ríkisstjórn undir stjórn Katrínar Jakobsdóttur,“ segir Svandís.

Hafa þeir í huga að fjölmargir í lægstu hópnum eru námsmenn á námslánum og nemandi sem búa enn hjá foreldrum, sem gæti skekkst töluvert laun neðstu hópanna. Því gefa tekjur þeirra ekki glögga mynd af fjárhagsstöðu hópsins í heild. Hins vegar sýnir þetta dreifingu allra á vinnumarkaði og því gefa tölurnar raunsanna mynd af honum í heild og tekjudreifingu allra.

sveinn@frettabladid.is

Beltone Legend™  
Enn snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone Legend™ heyrnartækið tengist þráðlaust beint í iPhone, iPad og iPod touch. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.

**HEYRNARSTÖÐIN**  
Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is

6.-10. OKTÓBER

# KAUPHLAUP ALLT AÐ 50%

AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM

SKOÐAÐU TILBOÐIN Á [SMARALIND.IS](http://SMARALIND.IS) EÐA NÆLDU ÞÉR  
Í EINTAK AF KAUPHLAUPSBLAÐINU Í SMÁRALIND.



**SMÁRALIND**



Mótmælt í Eþíópíu. NORDICPHOTOS/AFP

## Neyðarástand í Eþíópíu

**EÞÍÓPÍA** Lýst hefur verið yfir neyðarástandi í Eþíópíu til næstu sex mánaða. Ástæða þess er viðvarandi mótmæli Oromo- og Amhara-þjóðflokkanna gegn ríkisstjórninni.

Sextíu prósent íbúa Eþíópíu tilheyra Oromo- og Amhara-þjóðflokkinum, sem eru afar ósáttir við að Tigray-þjóðflokkurinn, sem 6,1 prósent íbúa tilheyrir, fari með öll völd í landinu.

Ofbeldi hefur aukist í Eþíópíu síðan á sunnudag fyrir viku þegar 55 manns létu lífið í átökum milli mótmælenda og lögreglunnar á Oromo-hátíð. Tugir þúsunda eru í haldi lögreglunnar.

Óvíst er hvað neyðarástandið felur í sér, en ljóst er að mótmælendur munu ekki hætta aðgerðum sínum þrátt fyrir inngrip yfirvalda. Núverandi ríkisstjórn hefur verið við völd í 25 ár. –sg

# 6,1%

Eþíópíumanna tilheyrir þjóðflokki sem fer með öll völd.

## Stúdentar mótmæla í Brasilíu



Mikil stúdentamótmæli hafa verið í Sao Paulo í Brasilíu og yfirtóku mótmælendur meðal annars skóla í borginni. Mótmælt er miklum niðurskurði í mennta- og heilbrigðiskerfi landsins en yfirvöld í Brasilíu ætla að ráðast í gagnegar breytingar sem munu gilda næstu 20 árin. NORDICPHOTOS/GETTY

# Mun færri greiða fjármagnstekjuskatt

Greiðendum fjármagnstekjuskatts fækkaði úr 183 þúsundum í 39 þúsund milli 2010 og 2015. Lagabreytingar skýra þetta að mestu. Enn er eitthvað um dulda og svarta starfsemi, að sögn ríkisskattstjóra. Leigutekjur eru líklega að skila sér betur í ríkiskassann en áður.

**EFNAHAGSMÁL** Fjármagnstekjur drögust saman um 36 prósent frá árinu 2010 til 2015, en greiðendum fjármagnstekjuskatts fækkaði um 80 prósent. Þetta kemur fram í Staðtölum skatta sem birtar voru á vef ríkisskattstjóra í vikunni.

Til skattskyldra fjármagnstekna einstaklinga teljast vaxtatekjur, arður, söluhagnaður og leigutekjur utan rekstrar. Á þessar tekjur er lagður fjármagnstekjuskattur, söluhagnaður getur þó verið skattfrjálst eftir eignarhaldstíma eða tegundum eigna.

Fjármagnstekjur námu 90,5 milljörðum króna árið 2015, saman-

Það er alltaf einhver dulin starfsemi og auðvitað er svört starfsemi eitthvað af þessu. En þegar við skoðum leigutekjur er líklegt að þær séu að skila sér betur með nýjum reglum.

Skúli Eggert Þórðarson, ríkisskattstjóri



borið við 139,3 milljarða árið 2010. Tekjurnar tóku dýfu milli árunna 2010 og 2011 þegar þær lækkuðu um helming.

Á sama tíma fækkaði framteljendum fjármagnstekna (og greiðendum fjármagnstekjuskatts) úr 182.699 í 38.780 (tölur um fjölda framteljenda með fjármagnstekjur vísa til fjölda fjölskyldna en ekki einstaklinga).

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri segir að það sem skýri helst þessa þróun sé að frítekjumark var tekið upp árið 2009 sem gerði ráð fyrir að fyrstu 125 þúsundin af vaxtatekjum væru skattlaus.

„Þetta er lagabreyting sem skýrir þetta að mestu leyti, því langflestir sem greiða fjármagnstekjuskatt greiða lítið. Það varð strax mikil breyting árið 2011. Fjármagnstekjuskatturinn var á móti hækkadur úr 10 prósentum í áföngum í 20 prósent, þannig að skattarnir eru þyngri á þeim sem þurfa að greiða hann,“ segir Skúli.

„Það er alltaf einhver dulin starfsemi og auðvitað er svört starfsemi eitthvað af þessu,“ heldur Skúli áfram. „En þegar við skoðum leigutekjur er líklegt að þær séu að skila sér betur með nýjum reglum.“

Heildarleigutekjur jukust úr 6

milljörðum króna árið 2010 í 8,9 milljarða árið 2015, eða um 48 prósent. Á sama tíma fjölgaði framteljenda leigutekna um 9,3 prósent.

„Þetta hefur löngum verið vandamál með leigutekjurnar en við teljum að það sé í skárra horfi nú eftir þessar breytingar. Hærra leigutekjur sýna að það eru fleiri að gefa þær upp,“ segir Skúli.

Embætti ríkisskattstjóra telur, að sögn Skúla, að það sé mjög óverulegt sem skotið er undan af fjármagnstekjum úr fjármálastofnunum og fyrirtækjum í formi arðgreiðslna.

saeunn@frettabladid.is



## Fiskur vikunnar

10. - 14. október

Öll marineruð bleikja

★ 1.990 kr. kg.



Hlíðasmára 8 | Skipholt 70 | Spönginni 13  
Sími 554 7200 | hafid@hafid.is | facebook

# TILBOÐSBÍLAR!

NÝIR SÝNINGARBÍLAR Á FRÁBÆRU TILBOÐI Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST.  
EINNIG FYLGJA VEGLEGIR KAUPAUKAR VÖLDUM NÝJUM BÍLUM.



**260.000 KR.  
KAUPAUKI**

VETRARDEKK OG/ÉÐA AUKAHLUTIR  
AÐ EIGIN VALI AÐ ANDVIRÐI 260.000  
KR. FYLGJA NÝJUM NISSAN PULSAR

**NISSAN PULSAR**  
VERÐ FRÁ: 3.190.000 KR.



**320.000 KR.  
KAUPAUKI**

HEILSÁRSDEKK OG  
DRÁTTARBEISLI  
FYLGJA NÝJUM X-TRAIL

**NISSAN X-TRAIL**  
VERÐ FRÁ: 5.090.000 KR.



**SUBARU LEVORG**

Komdu og fáðu upplýsingar hjá sölumönnum  
um TILBOÐSVERÐ á völdum nýjum SUBARU  
LEVORG sýningar- og reynsluakstursbílum.

**RENAULT MEGANE**

Komdu og fáðu upplýsingar hjá sölumönnum  
um TILBOÐSVERÐ á völdum nýjum  
RENAULT MEGANE sýningar- og  
reynsluakstursbílum.



**280.000 KR.  
KAUPAUKI**

**ISUZU D-MAX**

Heitklæðning á pall  
og dráttarbeisli.  
Einnig er aukaafsláttur  
af sýningarbílum.

**DACIA DUSTER**

Komdu og fáðu upplýsingar hjá sölumönnum  
um TILBOÐSVERÐ á völdum nýjum  
DACIA DUSTER sýningar- og  
reynsluakstursbílum.



VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR



## Pundið léttist einnig í fiskiskammti Breta

**SAMFÉLAG** Bretar ætla skera upp herör gegn offitu þjóðarinnar og hafa hvatt veitingastaði til að minnka skammtana af hinum eina sanna Fish and Chips.

Í fyrra hvöttu bresk stjórnvöld veitingastaði meðal annars til að fela saltstaukana og nú verður hægt að fá minni skammta af þessum einfalda en eftirsóttá rétti. Þá verður hægt að fá salat og steikingarolíu verður breytt. Meðalstærð á skammti er um 450 grömm en áætlanir gera ráð fyrir að skammturinn fari í 283 grömm. Mun verðið vera í kringum pundíð eða 140 krónur.

Íslendingar selja gríðarlega mikinn fisk til Englands þar sem hann er undirstaðan í þessum eftirlætisskyndibita Breta. Karen Kjartansdóttir, hjá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi, segir að vel matreiðdur fiskur sé hita-einingasnaud og holl matvara.

„Við getum vel tekið undir mikilvægi þess að minnka skammtastærðir til að draga úr soun enda talsmenn ábyrgjar nýtingar á auðlindum. Að leifa mat þykir ekki góður siður enda er með því verið að sóa fjármunum og auðlindum jarðar,“ segir Karen.

Hins vegar kveðst Karen viðurkenna að hún telji nokkurt óráð að draga úr

**Fish and Chips staðir eru hvattir til að minnka skammtastærðir til að berjast gegn offitu.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**Mínar ráðleggingar í þessum málum eru því frekar þær að minnka skammtinn af frönskunum auk þess sem ég tek undir tillögur um að bæta matreiðsluáferðir og nota betri olíu við steikingu.**

Karen Kjartansdóttir hjá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi



fiskneyslu til að bæta heilsufar fólks, ekki síst þegar rætt sé um okkar „viltta og heilnæma“ fisk úr Atlantshafinu. „Mínar ráðleggingar í þessum málum eru því frekar þær að minnka skammtinn af frönskunum auk þess sem

ég tek undir tillögur um að bæta matreiðsluáferðir og nota betri olíu við steikingu,“ segir hún.

Karen bætir því við að þegar kemur að mat séu Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi talsmenn gæða fremur en magns.

„Vitanlega finna útflytjendur fyrir því að pundíð hefur fallið, sem er bagalegt fyrir íslenskan efnahag. Í raun sjáum við bara tækifæri í aukinni áherslu á heilsu og hollustu í Bretlandi enda fiskur mikil hollustuvara,“ segir Karen. – bhh



Kosið verður um forseta í Bandaríkjunum þann 8. nóvember næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Enn dregur úr líkum á að Trump sigri Clinton

Donald Trump fór mjög laskaður inn í frambjóðendakappreiður í gærkvöldi. Upptaka af niðrandi ummælum Trumps um konur hefur sætt harðri gagnrýni. Margir hafa hætt að styðja framboð hans. Meiri líkur á að Clinton verði forseti.

**BANDARÍKIN** Donald Trump, frambjóðandi Repúblíkanaflokksins í forsetakosningunum í Bandaríkjunum, mætti Hillary Clinton, frambjóðanda Demókrataflokksins, mjög laskaður í forsetakappreiðunum í nótt.

Mjög var sótt að Trump eftir að hljódupptökum þar sem hann talar með niðrandi hætti um fjölmiðlakonuna Nancy O'Dell, og konur almennt, var lekið til fjölmiðla.

Silja Bára Ómarsdóttir, aðjunkt við stjórn málafræðideild Háskóla Íslands, segir upptökuna hafa hlotið mikla gagnrýni vegna þess að þarna sé verið að tala illa um glæsilega hvíta konu og það fari ekki á milli mála að Trump hafi sagt þetta.

Fjölmargin áhrifamenn í bandaríska Repúblíkanaflokki hafa farið fram á að Donald Trump dragi framboð sitt til baka eftir að hljódupptökunum, sem eru frá árinu 2005, var lekið.

Mike Pence, varaforsetaefni Trumps, sagði ummælin ófyrirgefandi.

**Viðbrögðin sýna ef til vill hvað innbyggður rasismi er fastur í kerfinu.**

Silja Bára Ómarsdóttir, aðjunkt við stjórn málafræðideild HÍ



leg og vilja fjölmargir að Pence taki við keflinu. Trump hefur beðist afsökunar á ummælunum, en segist ekki ætla að draga framboð sitt til baka.

Þrátt fyrir þetta sýnir skoðanakönnun frá því í gær að stór hluti kjósenda Repúblíkanaflokksins stangi með Trump. Hillary Clinton mælist þó með fjögurra prósentu-stiga forskot.

Trump hefur látið fjölda niðrandi ummæla falla í kosningabaráttunni. Silja Bára telur að þessi síðustu

ummæli hafi sérstaklega hlotið gagnrýni vegna þess að hann var að tala um glæsilega hvíta konu og auðveldara sé að fordæma það.

„Allt annað sem hann hefur verið að segja hefur verið rasismi, eða að hluta til rasismi, eða fitufordómar. Viðbrögðin sýna ef til vill hvað innbyggður rasismi er fastur í kerfinu,“ segir Silja Bára. Það að Trump hafi þegar verið búinn að missa fylgi hafi sennilega ýtt undir viðbrögðin.

„Þetta vekur líka svona mikil viðbrögð vegna þess að það fer ekki á milli mála að þetta eru hans eigin orð og mynd og rödd. Áður hefur einhver verið að ásaka hann, en í þetta sinn er ekki hægt að draga í efa að hann hafi sagt þetta.“

Silja Bára segir mestar líkur á að Hillary Clinton sigri í kosningunum.

„Nema að flokkurinn nái að sannfæra Trump um að hann þurfi að stiga til hliðar og þá er nýtt spil í gangi. En það er mjög ólíklegt.“  
saeunn@frettabladid.is

## Ríkið vill þjóðarleikvang í Laugardal

**ÍPRÓTTIR** Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavíkurborg og Knattspyrnusamband Íslands munu veita alls 21 milljón króna til að fullkanna rekstrargrundvöll fjölnota íþróttaleikvangs, bera saman mismunandi útfærslur og vinna frumhönnun leikvangsins ásamt því að vinna kostnaðargreiningu vegna framkvæmda.

Hver leggur sjö milljónir í verkefnið. Þetta kom fram á borgarráðsfundi á fimmtudag þar sem Degi B. Eggertssyni var veitt umboð til að skrifa undir viljayfirlýsingu fyrir hönd borgarinnar.

Fram hefur komið að KSÍ vilji kaupa völlinn og hefja samtal um uppbygg-

ingu innan núverandi byggingarreits hans án fjárhagslegrar aðkomu borgarinnar.

KSÍ hefur unnið hagkvæmniathugun um uppbyggingu fjölnota leikvangs þar sem markmiðið er að bæta völlinn sem þjóðarleikvang í knattspyrnu, auka nýtingu hans, ásamt því að styrkja nærumhverfi. Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðgjafi, Dagur og Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, hafa því ákveðið að veita styrk til undirbúnings á verkefni.

KSÍ hefur skuldbundið sig til að bera ábyrgð á framvindu verkefnisins og leggja fram verkefnisáætlun til sam-

# 21

**milljón króna verður veitt til að fullkanna rekstrargrundvöll fjölnota íþróttaleikvangs.**

þykktar fyrir aðila samkomulagsins. Verkefnisáætlun skal gera ráð fyrir að næsta verkþætti verði lokið eigi síðar en 15. janúar 2017. Þegar niðurstöður liggja fyrir munu aðilar samkomulagsins taka afstöðu til framhalds verkefnisins og raunhæfni.

Afstaða mennta- og menningarmálaráðuneytis til frekari þátttöku mun taka mið af því að Laugardalsvöllur verði skilgreindur sem þjóðarleikvangur. Borgin hefur lýst sig reiðubúna að koma að nauðsynlegri greiningu og skipulagsvinnu sem tengist þróun fjölnota íþróttaleikvangs með vísan til erindis Knattspyrnusambands Íslands frá 10. mars 2016, samþykktar borgarráðs frá 15. september og þeirra fyrirvara sem þar koma fram. – bhh



#EUROBASKET2017



# FIN/ISL

ÍSLAND LEIKUR Á  
EUROBASKET 2017  
Í HELSINKI Í FINNLANDI.

MÍÐASALAN HEFST  
Á TIX.IS  
ÞRIÐJUDAGINN 11.  
OKTÓBER KL. 10:00.

FIBA  
EUROBASKET  
FINLAND · ISRAEL · ROMANIA · TURKEY





SIMPLY CLEVER

ŠKODA



# ŠKODA Octavia G-TEC

## Fyrir náttúruna og veskið

OCTAVIA ER MEST SELDI BÍLL  
#1  
Á ÍSLANDI 2015



### Pú kemst lengra en borgar minna

ŠKODA Octavia G-TEC sameinar kosti metans og bensíns; þú nýtir íslenska orku og lækkar eldsneytiskostnað um allt að 35%. Með metantank og 50 lítra bensíntank kemstu ótrúlega langt án þess að fylla á og svo færðu líka frítt í stæði. Komdu og reynsluaktu ŠKODA Octavia G-TEC.

Verð frá aðeins:

**3.350.000 kr.**

Sjálfskiptur frá aðeins: **3.550.000 kr.**

G-Tec fæst nú  
einnig sjálfskiptur!



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is  
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

[www.skoda.is](http://www.skoda.is)

# Eyðileggingarmáttur Matthews



1




**1.** Fellibylurinn Matthew kostaði yfir átta hundruð manns lífið á Haítí. Hér sést kirkja sem lagðist algjörlega í rúst á fimmtudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**2.** Gríðarstórar öldur gengu yfir smábátabyrgju og strandbar á Cocoa Beach í Flórída þegar fellibylurinn fór hjá. Matthew varð til undan ströndum Afríku seint í september. NORDICPHOTOS/GETTY

**3.** Kólerusjúklingar njóta aðhlynnningar á sjúkrahúsi í borginni Jeremie á Haítí. Minnst þrettán hafa látist úr kóleru. Mörg þúsund heimili eyðilögðust og mikið af fólki er nú á matarlaust vergangi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**4.** Farið yfir skemmdir á byggingu í Daytona í Flórída. Matthew náð mest styrkleikaflokki fimm yfir austurhluta Karíbahafsins. NORDICPHOTOS/GETTY

**5.** Fólk sem leitaði skjóls í íþróttahúsi í bænum Jackson-ville í Flórída lét fara vel um sig. Margir íbúar Flórída, Georgíu, Suður-og Norður-Karólínu þurftu að yfirgefa heimili sín. NORDICPHOTOS/GETTY



5

# Yfir fimmtán hundruð bjóða sig fram til Alþingis og setja nýtt met



**STJÓRN MÁL** Alþingiskosningarnar 29. október verða þær fjórðu á rúmum níu árum. Frestur til að skila framboðslistum til kosninga til Alþingis rennur út klukkan 12 á hádegi þann 14. október.

Stjórnmálhreyfingar sem hafa ekki fengið skráðan listabókstaf þurfa að tilkynna framboð sitt eigi síðar en klukkan 12 á hádegi þann 11. október.

Þrettán stjórnmálaflokkar hafa boðað framboð til alþingiskosninganna, tólf í öllum kjördæmum. Aðeins einu sinni hafa fleiri stjórnmálaflokkar boðið fram en það var árið 2013 þegar fimmtán hreyfingar voru í framboði. Alls eru 1.534 í framboði í komandi kosningum sem er mestur fjöldi frambjóðenda í sögu kosninga hérlandis en árið 2013 buðu 1.512 fram krafta sína til setu á Alþingi.

Til þess að framboð teljist gilt þarf tilskilinn fjölda meðmælenda.



Frambjóðendur til alþingiskosninga eru 1.534 talsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Í hverju kjördæmi þarf hver listi 30 til 40 yfirlýsta stuðningsmenn fyrir hvert þingsæti. Björt framtíð, Framsóknarflokkurinn, Viðreisn, Sjálfstæðisflokkurinn, Íslenska þjóðfylkingin, Flokkur fólksins, Lýðræðisflokkurinn, Framfaraflokkurinn, Píratar, Alþýðufylkingin, Samfylkingin, Dögun og Vinstrihreyfingin – grænt framboð stefna á að bjóða fram í öllum kjördæmum meðan Húmanistaflokkurinn býður fram í Reykjavíkarkjördæmi suður. Framfaraflokkurinn sem auglýsti

framboð í síðustu viku og hélt stofnfund um síðustu helgi er hættur við.

„Ég er búinn að slá þetta af, tíminn hljóp frá okkur. Það var ekki raunhæft að þetta næðist í tæka tíð,“ segir Þormar Jónsson, forsvarsmáður Framfaraflokksins.

Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá eru 246.515 kjósendur á kjörskrá. Takist öllum framboðum að afla tilskilins fjölda stuðningsmanna verða þeir á bilinu 23.010 til 30.680, sem er á bilinu níu til tólf prósent kjósenda. – þh



Pota Easyjet á Keflavíkurflugvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Easyjet tapar 26 milljörðum á útgöngu Breta

**VIÐSKIPTI** Forsvarsmenn lágjaldsflugfélagsins Easyjet segja hagnað félagsins munu dragast saman um meira en 25 prósent fyrir árið. Samdrátturinn er rakinn til ákvörðunar Breta um að yfirgefa ESB.

Forsvarsmenn Easyjet segja mikla lækkun á gengi pundisins munu hafa neikvæð áhrif á reksturinn næstu tólf mánuði. Áætlað er að kostnaðurinn verði jafnvirði 26 milljarða króna, næstu tvö árin.

Gengi hlutabréfa í Easyjet lækkadi um yfir fimm prósent í kjölfar þessara fregna. – sg


## Met í sölu á Benz-bílum

**BÍLAR** Bílaumboðið Askja, þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi, hefur selt metfjölda af Mercedes-Benz það sem af er árinu.

„Á þessu ári þá höfum við selt 330 Mercedes-Benz bifreiðar sem er mesta sala frá upphafi. Samt eigum við þrjá mánuði eftir af árinu,“ segir Jón Trausti Ólafsson, framkvæmdastjóri Öskju og formaður Bilgreinasambandsins. Lúxusbílasala sé að aukast jafnt og þétt. – ngy

# 330

Mercedes-Benz bílar hafa verið seldir á Íslandi í ár.



Samkvæmt frétt WSJ er Snapchat metið á 25 milljarða dollara. MYND/BLOOMBERG

## Snapchat á leið á markað

**VIÐSKIPTI** Snap Inc., eigandi samfélagsmiðilsins Snapchat, stefnir á skráningu á hlutabréfamarkað í mars á næsta ári, að því er segir í Wall Street Journal.

Talið er að fyrirtækið verði metið á 25 milljarða dollara, 2.860 milljarða íslenskra króna, við skráningu.

Forsvarsmenn Snapchat segja að auglýsingatekjur af miðlinum muni nema 250 til 350 milljónum dollara í ár. EMarketer telur að tekjur fyrirtækisins verði milljarður dollara 2017. Þá yrði markaðsvirði þess 25-faldar tekjur á ársgrundvelli. – sg



## STÓRIÐJA Í STÖÐUGUM VEXTI

HVAÐA ÞÝÐINGU HEFUR UPPBYGGING KEFLAVÍKURFLUGVALLAR TIL FRAMTÍÐAR?

Isavia boðar til morgunfundar um áhrif uppbyggingar á Keflavíkurflugvelli til framtíðar.

Á fundinum verður kynnt ný skýrsla þar sem skoðaðar eru þær áskoranir og þau tækifæri sem felast í þeirri miklu uppbyggingu sem framundan er.

Fundurinn verður haldinn miðvikudaginn 12. október á Hilton Nordica Reykjavík kl. 8:30–10:00. Húsið opnar kl. 8:00 og boðið verður uppá kaffi og létta morgunhressingu.

Dagskrá:

8:30 — Björn Óli Haukson forstjóri Isavia opnar fundinn

8:35 — Elín Árnadóttir aðstoðarforstjóri Isavia  
Áhrif uppbyggingar á Keflavíkurflugvelli – Horft til framtíðar

9:20 — Dr. Huginn Freyr Þorsteinsson ráðgjafi hjá Aton  
Ísland sem flugþjóð? – tækifæri og áskoranir

Opið verður fyrir umræður að fundi loknum.

Skráning fer fram [www.isavia.is/morgunfundur](http://www.isavia.is/morgunfundur)

STAÐSETNING:  
HÓTEL HILTON REYKJAVÍK



ISAVIA

# Í leit að friði



Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is

Friðarsúlan í Viðey var tendruð í gærkvöldi og geislar hennar brutu sér leið í gegnum rigningsuddann í Reykjavík. Hún var fyrst tendruð þann 9. október árið 2007 og þó ekki sé lengra um liðið þá er hún fyrir löngu orðin órjúfanlegur hluti af borgarmyndinni á þessum árstíma. Þetta kyrrláta en mikilfenglega listaverk sem biðlar til fólks um að ímynda sér heim þar sem friður ríkir. Einfalt og fallett verk sem fangar kjarnann í einfaldri og fallegri hugsun. Hvað gæti verið mikilvægara?

Á föstudaginn skrifuðu Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, undir stofnsamning að Höfða, friðarsetri. Þessu ágæta setri er ætlað að verða vettvangur fyrir þverfaglegt og alþjóðlegt samstarf og stuðla að friði, friðarmenningu og fræðslu, svo örfátt sé nefnt. Allt er þetta mikilvægt.

Við sem þjóð þekkjum það blessunarlega betur að búa við frið en að lifa og deyja í stríði. Það þýðir þó ekki að styrjaldir heimsins og hörmungar séu okkur óviðkomandi, þvert á móti. Við erum hluti af alþjóðasamfélaginu, aðilar að hernaðarbandalagi og allt frá síðari heimsstyrjöld hefur leitað til okkar fólk á flotta undan styrjöldum í misfjarlægum löndum. Sumum höfum við tekið vel en öðrum ekki. Friðurinn á Íslandi er ekki handa öllum og stundum er ekki laust við að maður skammist sín fyrir það þegar maður horfir á Friðarsúluna lýsa upp kvöldhimininn yfir Kollafirði.

Tökum dæmi, eins ómanneskjulegt og það kann að hljóma að taka líf fólks og framtíð sem dæmi, en það kannski hjálpar okkur að meta stöðu þeirra sem reyna að finna frið á Íslandi. Í dag eiga þau Regina Osamumaese og Eugene Imotu að mæta til fundar hjá ríkislögreglustjóra og þar verður þeim að öllum líkindum sagt að friðurinn á Íslandi sé ekki fyrir þau og börnin þeirra. Ekki fyrir drenginn sem kom hingað með móður sinni og hefur búið hér stóran hluta ævi sinnar. Ekki fyrir bróður hans sem er fæddur hérna á Íslandi. Og ekki fyrir ófætt systkini þeirra sem er væntanlegt í heiminn. Nei, þessi fjölskylda á að fara til Nígeríu þaðan sem Regina flúði í leit að friði þegar hún var sex ára gömul. Þau geta bara farið á svæði innan Nígeríu þar sem ekki geisar styrjöld einmitt núna og á sama tíma getum við haldið áfram að horfa á Friðarsúluna og kannski sendum við þeim góða strauma, svona ef við munum eftir því.

En auðvitað vonum við að ekki komi til þess. Auðvitað vonum við að þessi fjölskylda fái að njóta friðarins á Íslandi og horfa á Friðarsúluna lýsa upp kvöldhimininn. En til þess þarf eflaust ýmislegt að breytast á Íslandi, svo sem viðhorf og vilji ráðamanna, starfsaðferðir stofnana og jafnvel sitthvað fleira, en við hljótum þó að minnsta kosti að geta ímyndað okkur að Ísland sé land friðarins. Við skulum því ímynda okkur að Dagur B. Eggertsson byrji daginn á því að láta verkin tala og hringi í Ólöfu Nordal og þau fari saman í að bjarga þessari fjölskyldu. Síðan sigli þau saman út í Viðey, án alls fræga fólksins, breyti ímyndun í sköpun og draumum í veruleika og geri Ísland að sönnu friðarsetri um ókomin ár.



**Friðurinn á Íslandi er ekki handa öllum og stundum er ekki laust við að maður skammist sín fyrir það þegar maður horfir á Friðarsúluna lýsa upp kvöldhimininn yfir Kollafirði.**

## Halldór



## Frá degi til dags

### Engin framtíð?

Heiða Kristín Helgadóttir, stofnandi Besta flokksins og Bjartrar framtíðar, lýsti því yfir í gær að hún styddi Viðreisn í kosningunum þann 29. október næstkomandi. Á sama tíma vonaðist hún eftir því að Björt framtíð fengi nú nægilega mikið fylgi til þess að þurrkast ekki út. Ljóst er að Björt framtíð rær lifróður næstu vikurnar og er við ramman reip að draga. Því gæti stuðningsleysi Heiðu Kristínar við Bjarta framtíð verið síðasti naglinn í kistu flokksins. Ef flokkurinn getur ekki virkjað stofnendur sína til þess að kjósa sig eru endalokin nær.

### Sósíalískar breytingar

Ríkisstjórnin samþykkti á síðasta fundi sínum að setja milljarða á milljarða ofan í almannatryggingakerfið, hækka þakið á fæðingarorlofi og tryggja hópum fólks 300 þúsund króna framfærslu. Höldum því til haga að þetta er sama ríkisstjórn og taldi allt fara í bál og brand síðasta vor ef öllum yrðu tryggð 300.000 króna lágmarkslaun. Einnig verðum við að hafa í huga að fjárveitingarvaldið er Alþingis, en ekki ríkisstjórnarinnar, og kosti þessar útfærslur ríkisstjórnarinnar fjármagn úr ríkissjóði er þetta annaðhvort lýðskrum eða valdarán. Svo virðist litlu skipta hvar fólk er í pólitík fyrir kosningar. Þegar nær dregur kjördegi verða allir sósíalistar. sveinn@frettabladid.is

## Atkvæðið mitt og atkvæðið þitt



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir skipar 1. sæti Viðreisnar í Suðvesturkjördæmi



**Við í Viðreisn teljum það forgangsatriði að stjórnskránni verði breytt til þess að tryggja að atkvæðisréttur allra landsmanna verði jafn.**

Það er grundvallarréttur fólks í lýðræðisríki að geta gengið til kosninga og að allir geti með atkvæði sínu haft jafnan rétt til að hafa áhrif á hverjir og hvers konar stjórnvöld komast til valda.

Allt frá því þéttbylí fór að myndast á Íslandi hefur því verið mismunad með hlutfallslega minna atkvæðavægi en í dreifbýli. Fjöldi þingmanna á hvern íbúa hefur því lengi verið mismikill milli kjördæma og þess vegna hafa áhrif kjósenda í kosningum verið mismikill eftir því hvar þeir búa. Nú má þessi munur því vera allt að tvöfaldur; íbúar í Norðvesturkjördæmi geta haft um tvöfalt fleiri þingmenn á hvern íbúa heldur en íbúar í Suðvesturkjördæmi og hefur hver íbúi því um tvöfalt meiri áhrif á úthlutun þingsæta á Alþingi.

Við í Viðreisn teljum það forgangsatriði að stjórnskránni verði breytt til þess að tryggja að atkvæðisréttur allra landsmanna verði jafn, óháð búsetu þeirra. Fötlud kona í Hafnarfirði á að hafa sama rétt og trillukarl fyrir austan, fyrirtækjaeigandi fyrir vestan á að hafa sama atkvæðisrétt og kennari í Kópavoginum. Jafnréttið er ósköp einfalt.

Andstaðingum þessa brýna lýðræðismáls hefur oft og tíðum tekist að gera þetta að baráttu höfuðborgarsvæðis gegn landsbyggðinni. Sú baráttu á að vera óþörf.

Þingmenn Alþingis eiga að bera hag landsins alls fyrir brjósti og öllum ætti að vera ljóst að sterkt höfuðborgarsvæði þarf á sterkri landsbyggð að halda. Skipting og forgangsroðun verkefna ríkisins þarf að vera tekin á jafnræðisgrundvelli, með þarfir allra kjördæma að leidarljósi og sífældum áminningum um að ekkert þeirra megi sitja eftir við útdeilingu sameiginlegra gæða.

Við megum ekki vera hrædd við kerfisbreytingar. Íhaldssemi hefur ávallt passað og mun áfram passa upp á sig og sína. Því kerfisbreytingar eru ógnun við valdhafa er sækja völd sín til slíks ójafnræðis sem felst í misvægi atkvæðisréttar.

Viðreisn er ekki þannig flokkur og því munum við einhenda okkur í kerfisbreytingar sem auka réttlæti og jafnrétti á Íslandi, öllum til hagsbóta.

Midasala á mid.is

**Hera Björk**  
**Ílmur af jólum**

Jólatónleikar í Grafarvogskirkju  
26. nóvember kl. 20.00

# Bilað stefnuljós

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur

**B**íll sem ég hef ekið um á tók upp á þeim furðulega fjanda um daginn að gefa bara stefnuljós til vinstri. Hvort sem maður fer með stefnuljósastöngina til vinstri eða hægri – þá blikkar einungis stefnuljósið til vinstri. Þetta er bíll blairismans. Hann þykist ætla til vinstri þegar hann stefnir til hægri.

## Græni kallinn eða rauði?

Sem sé bilað stefnuljós. Er ekki pólitíkin einmitt þannig þegar stéttastjórn-málin hafa enn ekki fundið sér farveg á ný? Og kannski er bíllinn sá arna ágæt myndhverfing fyrir stjórnmalaflokkana yfirleitt; þeir segjast ætla í einhverja stefnu, en svo er undir hælinn lagt hvort þeir fara þangað eða eitthvað allt annað, í einhverja leiðangra sem verkefni dagsins eða bara stjórnsýslan sendir þá í. Kannski er ekki sá reginmunur á stefnu flokkanna sem okkur finnst stundum vera, og hugsanlega er að verða tímabært að breyta kosninga-fyrirkomulaginu þannig að okkur gefist meiri kostur á því að kjósa einstaklinga sem við teljum vænlega fulltrúa okkar, fremur en þessa flokka með sin biluðu stefnuljós.

Eftir hverju eigum við annars að fara þar sem við stöndum þarna alein í kleanum með gulan blýant í höndum og leysum af hendi þetta mikilsverða verkefni? Það er nú það. Sumt fólk gerir eins og þegar maður gengur út úr bankanum og hægt er að yta á nokkrar figúrur og gefa þannig til kynna hvort

maður sé ánægður eða óánægður með þjónustuna: frá grænni brosfígúru að rauðum fylupésa. Fólk er þá að leggja dóm á kjör sín síðustu fjögur árin og hvort því finnst að það hafi fengið nægilega góða „þjónustu“ hjá flokkunum.

Nátengt því viðhorfi er þegar stjórn-málaflakkar fara að lofa því að skaffa hitt og þetta. Þá skoða kjósendur lofordalista flokkanna fyrir kosningar eins og neytendur: hvað er handa mér hérna? Það er gott og blessað. En getur verið hættuspil, því að þá getur farið forgörðum heildarsýn, heildarstefna viðkomandi flokks – sem sé stefnuljósið: vísar það til hægri eða vinstri? Vinstrisinnuð manneskja sem vill ekki sjá meiri einkarekstur í heilbrigðis-kerfinu eða skólakerfinu, vill ekki stóriðju, styður ekki hernaðarbrólt, vill að mannúð sé höfð að leiðarljósi í meðferð flóttamanna – slík manneskja gæti álpast til að kjósa stóriðjusinn-aðan hernaðarhyggjuflokk sem stefnir að einkarekstri hvar sem honum verður viðkomið og vill reka burt með harðri hendi alla nauðleitarfólk, eingöngu af því að tæð manneskja hefur fallið fyrir lofordum flokksins um stórfenglegar úrlausnir í húsnæðismálum.

Affarasælast er að fylgja lífsvið-horfunum sínum í grófum dráttum þegar maður kys. Aðhyllist maður einka-framtak, sem stýrt sé í réttar skorður, kys maður Sjálfstæðisflokkinn. Fólk sem kys Sjálfstæðisflokkinn er að kjósa tilveru sína; það er að kjósa bilinn sinn,



**Affarasælast er að fylgja lífsviðhorfunum sínum í grófum dráttum þegar maður kys.**

húsið og garðinn sinn; það er að kjósa sólskin og sunnanvind. Því list illa á kollsteypur, á borð við stjórnarskrár-breytingar, evrur og kvótakerfisupp-skurð. Það sér ekkert athugavert við misskiptingu gæða og tækifæra; telur að sumir séu réttbornir til auðs en aðrir ekki. Sé maður á svipaðri línu en vill samt opna landið meira fyrir erlendra samkeppni og jafnvel taka upp evru – þá kys maður Viðreisn. Sé maður hins vegar aðdáandi Mjólkursamsölnunnar og áhugamaður um gott gengi afurða-stöðva og Kaupfélags Skagfirðinga kys maður Framsóknarflokkinn.

## Frá frá Fylking!

**1970** Auður Auðuns tekur við embætti dóms- og kirkjumálaráðherra og verður þar með fyrsti kvenráðherra Íslands.

**1972** Helgi Hóseon slettir skyri á þingmenn við þingsetningu.

**2006** Landsbankinn kynnis til sögunnar Icesave, nýja þjónustu netinlánsreikninga fyrir viðskiptavinum í Bretlandi.

**2015** Sprengjuárás er gerð á lestarstöð í borginni Ankara í Tyrklandi. 102 létust og yfir 400 særðust.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Elinborg Jóhanna Bjarnadóttir**

fv. eigandi hannyrðaverslunarinnar Mólý í Kópavogi, Ársölum 3, Kópavogi, áður Hliðarhvammi 10, Kópavogi,

lést miðvikudaginn 5. október á hjúkrunarheimilinu Eir. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 25. október klukkan 15.

Margrét I. Kjartansdóttir  
Ólafur Kjartansson

Sigmundur Einarsson  
Nanna Bergþórsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Alma Dóróthea Friðriksdóttir**

dvalarheimilinu Barmahlíð, Reykhólum,

andaðist á Sjúkrahúsinu á Akranesi mánudaginn 3. október. Útförin fór fram frá Reykhólakirkju í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Olga Sigvaldadóttir  
Dóróthea Guðrún Sigvaldad.  
Haflina Breiðfjörð Sigvaldad.  
Marta Sigvaldadóttir

Matthias F. Ólason  
Magnús Steingrímsson  
Friðrún H. Gestsdóttir  
Una B. Bjarnadóttir

og ömmubörnin öll.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Benedikt Jón Ágústsson**

skipstjóri,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans á Hringbraut 25. september 2016. Útförin fer fram frá Háteigskirkju þriðjudaginn 11. október kl. 13.00.

Jóna Guðlaugsdóttir

Bára Benediktsdóttir  
Guðlaug Benediktsdóttir  
Guðrún Björk Benediktsd.  
Ágúst Benediktsson

Jóhann Sigurður Magnúss.  
Gunnar Már Eiríksson  
Hreggviður Þorsteinsson  
Anna Pálsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@365.is](mailto:timamot@365.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.



Linda Margrét Gunnarsdóttir opnaði Smáralindina fyrir fimmtán árum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Fimmtán ár síðan Linda opnaði Smáralind

Margt hefur gerst á 15 árum hjá stærstu verslunarmiðstöð landsins. Kaupmenn hafa gengið í gegnum hrun og nú eru stórar verslanakeðjur að opna útibú þar. Linda Margrét Gunnarsdóttir, sem opnaði Smáralindina níu ára gömul, er í dag 24 ára búvísindanemi.

Fimmtán ár eru í dag frá því að Smáralindin var opnuð þann 10.10.2001 klukkan 10.10. Linda Margrét Gunnarsdóttir, níu ára, opnaði Smáralindina ásamt Smára Páli Svavarssyni, ellefu ára. Þau voru bæði úr nærliggjandi hverfum, Smári var úr Smárahverfi en Linda úr Lindahverfinu.

Linda segist muna vel eftir deginum. „Þetta var mjög skemmtilegt,“ segir hún. Hún segir þó frægðina sem fylgdi því að opna Smáralindina hafa enst stutt. „Nei, ég þekktist ekki á því,“ segir Linda og hlær.

Í dag er Linda 24 ára og nemi á öðru ári í Landbúnaðarháskólanum. Hún er að læra búvísindi og stefnir að því að búa í sveit að náminu loknu en hefur ekki valið sér sveit. „Ég er með marga staði í huga því Ísland er svo fallegt.“

Sturla Eðvarðsson, framkvæmdastjóri

**Aðsókn í Smáralind hefur vaxið ár frá ári. Það hafa verið ýmsar eftirminnilegar upptökur hér.**

Sturla Eðvarðsson, framkvæmdastjóri Smáralindar

Smáralindar, segir heilmikið hafa gerst í umhverfi Smáralindar á þessu tímabili. „Aðsókn í Smáralind hefur vaxið ár frá ári. Það hafa verið ýmsar eftirminnilegar upptökur hér, eins og þegar Lindex var opnuð.“ En eins og frægt er orðið tæmdist þriggja vikna lager á þremur dögum.

„Við munum fagna þessum fimmtán ára tímamótum með glæsilegum hætti

þegar við opnum inn á breytingarnar við Hagkaup í byrjun næsta mánaðar. Þá verður formleg hátíð Smáralindar,“ segir Sturla sem hefur verið framkvæmdastjóri frá árinu 2010.

„Það er heilmikið fram undan, það er mikið um að vera hér, miklar endurbætur á Smáralind og svo opna nýjar verslunarkæðjur eins og H&M útibú hérna á næsta ári,“ segir Sturla. Hann segir hrunárin hafa verið eftirminnileg, en nú horfi forsvarsmenn Smáralindar fram á veginn.

„Það voru erfiðleikar í kringum hrunið, það voru miklir erfiðleikar fyrir smásölumarkaðinn á Íslandi. En Smáralind sigldi í gegnum þetta. Við höfum, í framhaldi af þessum samdrætti sem varð í sölu á fatnaði og skóm og þess háttar, verið að horfa til sóknar frekar en eitt-hvað annað.“ [saeunn@frettabladid.is](mailto:saeunn@frettabladid.is)

10. OKTÓBER 1970

## Fyrsta konan á ráðherrastóli

Auður Auðuns varð fyrsti kvenráðherra á Íslandi er hún tók við embætti dóms- og kirkjumálaráðherra þennan dag árið 1970. Hún sat í nýrri stjórn Jóhanns Hafstein sem tók við forsætisráðherraembætti í júlí sama ár, þegar Bjarni Benediktsson lést í eldsvoða á Þingvöllum.

Auður hafði áður verið fyrst kvenna til að verða borgarstjóri í Reykjavík þegar hún og Geir Hallgrímsson tóku við af Gunnari Thoroddsen og deildu með sér borgarstjórastarfinu í eitt ár, frá 1959 til 1960.

Auður lauk lögfræðiprófi árið 1935 og stundaði síðan lögfræðistörf og gegndi margvíslegum trúnaðarstörfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Hún var alþingismaður Reykvíkinga frá 1959 til 1974.



**NÝ SENDING KOMIN**

**LG UH668V**

Smart IPS LED sjónvarp. UHD 4K 3850 x 2160 upplausn. UHD Mastering Engine – 4K uppskölun. HDR Pro. Real Cinema 24p. 20W ULTRA surround harman/kardon hljóðkerfi. Stafrænn DVB-C/T2/S2 móttakari Gervihnattamóttakari. 2x USB 2.0 og 3 HDMI tengi. USB upptökumöguleiki. App fyrir síma og spjaldtölvur. Magic Remote fylgir.

1700Hz PMI

**55"**

**179.990**

FULLT VERÐ 249.990

1700Hz PMI

**65"**

**279.990**

FULLT VERÐ 379.990

**GLÆNÝ VÖRULÍNA FRÁ LG**  
**Á SÉRSTÖKU KYNNINGARTILBOÐI**

Hágæða HDR PRO Ultra HD sjónvörp með harman/kardon hljóðkerfi. Ekki missa af frábærum sjónvörpum á ótrúlegu verði.

**NÝ SENDING KOMIN**

1200Hz PMI

**43"**

**109.990**

FULLT VERÐ 149.990

1200Hz PMI

**49"**

**139.990**

FULLT VERÐ 199.990

LED



4K Upscaler



Magic Remote

webOS 3.0

harman/kardon

NETFLIX 4K

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18 OG LAUGARDAGA 11-16 | SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

**Sjónvarpsmiðstöðin**

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • [WWW.SM.IS](http://WWW.SM.IS)




**LG**

Life's Good


# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Mánudagur




Fremur hæg suðvestanátt með skúraleiðingum í dag, en bjartviðri norð-austan til. Híti 5 til 10 stig.

## Þriðjudagur



## Miðvikudagur



## Þrautir

### Krossgáta

- LÁRÉTT**
- loga
  - öfug röð
  - meðal
  - blástur
  - tveir eins
  - orðrómur
  - fótmál
  - í röð
  - knæpa
  - kvk. nafn
  - klaki
  - engi
- LÓDRÉTT**
- báru að
  - þófi
  - ölvun
  - máttur
  - kennslubók
  - stykki
  - ról
  - aflast
  - spíra
  - tvíhljóði

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LAUSN

LÁRÉTT: 2. lífa, 6. on, 8. lífa, 9. má, 11. lí, 12. umtal, 14. skref, 16. ab, 17. krá, 18. íoa, 20. ís, 21. akur, 22. námsbók.

LÓDRÉTT: 1. komu, 3. lí, 4. fyller, 5. átt, 7. námsbók, 10. stik, 13. ark, 15. fást, 16. ála, 19. au.

## Skák Gunnar Björnsson

Kajaste átti leik Nilsson í Finnlandi árið 1957.

### Hvítur á leik

1. Dh6+! Bxh6 2. Rg5+ Kh8 3. Hh7# 1-0. Íslandsmót ungmenna fór fram um helgina í Rimaskóla. Tíu Íslandsmeistarar voru krýndir, fimm stúlkur og fimm drengir. [www.skak.is](http://www.skak.is) Allt um Íslandsmót ungmenna.



## Sudoku

### LÉTT

	8				3	1		
	9							4
	4	1	5	9			2	8
			8	1		6		
				6	2			
	2			4		3		
	7	6		8				
9								
1	3	8	9	2	7		5	

### MIDLUNGS

			3	9	5			
			2				8	3
		5						6
5	4	6	2					
		3	4			2		
9	1			7			4	
1			8	6			2	
2	8							
9					8			

### ÞUNG

		4	9					7
5	9				7	2	4	
2						5		1
			2		3		1	5
		8						
1			4	6				
9								
		1	5	9		6		
4	3				8	7		


Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lódrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku

9	6	3	7	4	8	2	1	5
7	8	2	5	9	1	6	3	4
5	1	4	6	2	3	7	8	9
4	7	1	8	6	2	5	9	3
2	5	8	9	3	7	4	6	1
3	9	6	1	5	4	8	2	7
6	3	7	2	1	5	9	4	8
8	4	9	3	7	6	1	5	2
1	2	5	4	8	9	3	7	6
1	5	9	6	7	4	2	8	3
2	3	6	9	5	8	1	4	7
7	8	4	1	2	3	5	6	9
4	7	2	8	3	5	9	1	6
8	9	3	4	1	6	7	5	2
5	6	1	7	9	2	8	3	4
6	1	5	2	4	7	3	9	8
3	2	8	5	6	9	4	7	1
9	4	7	3	8	1	6	2	5
1	5	7	8	3	6	2	4	9
9	6	8	1	2	4	3	5	7
3	2	4	5	7	9	1	8	6
4	9	3	2	6	7	5	1	8
2	1	6	9	8	5	4	7	3
7	8	5	4	1	3	9	6	2
5	7	1	3	9	8	6	2	4
6	3	2	7	4	1	8	9	5
8	4	9	6	5	2	7	3	1
8	4	9	6	5	2	7	3	1

## Myndasögur

### PONDUS



Eftir Frøde Øverli

### GELGJAN



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

### BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

**OPÍÐ HÚS**

## Þriggja hæða steinhús með ríkulega sögu

Glæsileg eign á góðum stað í hjarta borgarinnar. Gróinn garður sem vísar til suðurs og litlar svalir á norðurhlið hússins. Stutt í alla verslun og þjónustu. **Stæði í upphituðum bílakjallara fylgir.**

**LAUS STRAX**

Tilvalin eign í túristaleigu

Ekki kaupa hvað sem er af hverjum sem er. Spurðu um skilríki.

FRÉLAG FASTEIGNASALA



# MJÓLKIN GEFUR STYRK



## Góðgerðarferðurnar eru mættar á vakt!

D-vítamínbætt léttmjólk bregður sér tímabundið í nýjan búning. Markmiðið er að safna 15 milljónum króna fyrir Landspítalann til kaupa á búnaði sem auðveldar greiningu á brjóstakrabbameini og renna 30 kr. af hverri seldri fernu til þessa góða málefnis.



**SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ**

KVIKMYND EFTIR TIM BURTON  
FRÖKEN PEREGRINE  
SÉKKENILEG BARN

MAGNIFICENT SEVEN

COSÌ FAN TUTTÌ  
17. október í Háskólabíói

TROLL  
FORSÝND 15. OG 16. OKT.

MIDDLE SCHOOL

BRIDGET JONES'S BABY

EIÐURINN

Sýningartímar á miði.is og smarabio.is

**LAUGARÁS BÍÓ**

**miði.is**  
Miðasala og nánari upplýsingar

MAGNIFICENT SEVEN

MIDDLE SCHOOL

BRIDGET JONES'S BABY

**LAUGARÁSBÍÓ** Sýningartímar

MIDDLE SCHOOL	6
MAGNIFICENT 7	9, 10:30
FRÖKEN PEREGRINE	6, 8
BRIDGET JONES'S BABY	8
EIÐURINN	10:35
STORKAR 2D ISL.TAL	6

**SAMBÍÓIN SAMbio.is**

Byggj á samnefndri metsölubók

★★★★★ ENTERTAINMENT WEEKLY  
★★★★★ VARIETY  
Emily Blunt  
Justin Theroux  
**THE GIRL ON THE TRAIN**

★★★★★ EMPIRE  
★★★★★ THE GUARDIAN  
★★★★★ HOLLYWOOD REPORTER  
KATE WINSLET  
MARK RUFFALO  
**DEEPWATER HORIZON**

Sýnd með íslensku og ensku tali  
★★★★★ HOLLYWOOD REPORTER  
★★★★★ THE WRAP  
**STORKS**

Mynd sem þú mátt ekki missa af 16 Ein magnaðasta stórmynd ársins 17

ALFABAKKA	EGILSHÖLL
THE GIRL ON THE TRAIN	KL. 5:30 - 8 - 10 - 10:30
THE GIRL ON THE TRAIN VIP	KL. 5:30 - 8 - 10:30
DEEPWATER HORIZON	KL. 8 - 10:20
STORKAR ISL.TAL	KL. 6
STORKS ENSK.TAL	KL. 8
SULLY	KL. 5:50 - 8 - 10
MECHANIC: RESURRECTION	KL. 10:20
WAR DOGS	KL. 8
SUICIDE SQUAD 2D	KL. 5:20
LEYNILÍF GÆLUDÝRA ISL.TAL 2D	KL. 6
THE GIRL ON THE TRAIN	KL. 5:30 - 8 - 10:30
DEEPWATER HORIZON	KL. 10:10 - 10:40
STORKAR ISL.TAL	KL. 6
BRIDGET JONES'S BABY	KL. 5:20 - 8
SULLY	KL. 8

KEFLAVÍK	AKUREYRI
THE GIRL ON THE TRAIN	KL. 8
DEEPWATER HORIZON	KL. 10:30
THE MAGNIFICENT SEVEN	KL. 10:30
BRIDGET JONES'S BABY	KL. 8
THE GIRL ON THE TRAIN	KL. 8 - 10:30
DEEPWATER HORIZON	KL. 8 - 10:30
STORKAR ISL.TAL	KL. 6
STORKS ENSK.TAL	KL. 6

**Hvað? Hvenær? Hvar?**  
Mánudagur

hvar@frettabladid.is

**10. OKTÓBER 2016**

**Tónlist**

**Hvað?** Kizomba Night at KEX #8 0 Hey you!  
**Hvenær?** 20.30  
**Hvar?** Kex Hostel

**Hvað?** DJ John Brnlv  
**Hvenær?** 22.00  
**Hvar?** Kaffibarinn

**Hvað?** „Beaucoups Of Blues“ by Jón Óskar  
**Hvenær?** 12.00  
**Hvar?** Tveir hrafnar Gallery

**Fundir**

**Hvað?** Alls konar Jafnrétti í HÍ  
**Hvenær?** 11.00  
**Hvar?** Háskóli Íslands, Háskólatorg  
Kynningar á nemendafélögum,



FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

starfseiningum, ráðum og rannsóknarstofum sem tengjast jafnréttismálum innan HÍ. Komdu í spjall, skráðu þig í félag, fáðu ráðgjöf og upplýsingar um nýjustu þælingar í jafnréttismálum.

**Hvað?** Alþjóðageðheilbrigðisdagurinn 2016  
**Hvenær?** 15.30  
**Hvar?** Bíó Paradís  
Alþjóðageðheilbrigðisdagurinn 2016 verður haldinn hátíðlegur um allan heim í dag og á Íslandi verður haldið upp á daginn í 21. sinn. Dagskráin er ekki af verri

endanum en hún hefst með göngu frá Hallgrímskirkju klukkan 15.40 og niður í Bíó Paradís þar sem hátíðardagskrá fer fram. Borgarstjóri ávarpar samkomu, Emmsjé Gauti stígur á svið, Nanna Briem, geðlæknir og yfirlæknir meðferðardeildar Laugaráss, ávarpar samkomuna, leikhópurinn Húmor í samvinnu við Hlutverkasetur verður með leiklistargjöfning, Músíkstofa Mínervu kynnir og verður með sýnikennslu á tónlistarþerapiu, Unum, stuttmynd eftir Guðmund Jónas Haraldsson verður sýnd í samstarfi við Vin,

fræðslu og batasetur Rauða krossins. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, er verndari dagsins 2016.

**Hvað?** Kosningar í Bandaríkjunum: Hvað er í gangi?  
**Hvenær?** 12.00  
**Hvar?** Háskóli Íslands, Oddi 101  
Þann 8. nóvember ganga Bandaríkjamenn að kjörborðinu til að kjósa nýjan forseta. Kosningabaráttan hefur verið hatrammlegri og ummæli frambjóðenda stórrtari en áður hefur þekkt. Á þessum opna fundi mun Michael T. Corgan leitast við að skýra hvað er að gerast með kosningar í Bandaríkjunum. Hvaða áhrif hafa breytt samsetningu kjósenda, hefur aukin notkun samfélagsmiðla og ný samskiptaform haft á kosningabaráttuna?

**Hvað?** Opíð fræðslukvöld Hugrúnar  
**Hvenær?** 18.30  
**Hvar?** Háskóli Íslands  
Í dag er alþjóðlegur dagur geðheilsu. Hugrún, geðfræðslufélag háskólanema, stendur af því tilefni



**ÞAÐ VERÐUR GÆÐVEIKT GAMAN**

segir Emmsjé Gauti sem ásamt öðrum mun koma fram á Alþjóðageðheilbrigðisdeginum.

í fyrsta sinn fyrir opnu fræðslukvöldi í Háskóla Íslands.

**Dagskrá fræðslukvöldsins er eftirfarandi:** Klukkan 18.30 stígur á svið Steinn Halldórsson, formaður Hugrúnar, og kynnir átakið, þar eftir flytur Vala Kristín Eiríksdóttir leikkona reynslusögu um átröskun, klukkan 19.20, flytur dr. Gunnar Hrafn Birgisson, sérfræðingur í klínískri sálfræði og forstöðumaður Sálfræðiráðgjafar háskólanema, erindið „Hjálplegt hugarfar“ um geðheilbrigði, klukkan 20.10 kemur Jónína Sigurðardóttir, 3. árs nemi í uppeldis- og menntunarfræði, og flytur reynslusögu um þunglyndi. Fyrirlestrarnir eru ókeypis og opnir öllum áhugasömum um geðheilsu.

**Uppákomur**

**Hvað?** Kaldal Time and Space  
**Hvenær?** 12.00  
**Hvar?** Þjóðminjasafnið

**ENDURNÝJUN OG VIÐHALD**  
Löggiltur rafverktaki

Sími: **696 5600**  
rafsol@rafsol.is

**RAFSÓL**  
Síðumúla 34 • 108 Reykjavík  
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is

**BÍÓ PARADÍS** HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

Sundáhrifin / The Together Project ENG SUB	18:00
Innsæi / The Sea Within	18:00
Ransacked ENG SUB	18:00
The Neon Demon	20:00, 22:30
Fire At Sea ENG SUB	20:00, 22:30
Pale Star	20:00
Prestrir / Sparrows ENG SUB	22:00



... sviðum  
aukinnar framleiðni og vinnuáæt.

**SAMGÖNGUR**

Úr sér gengið  
**vegakerfi** íeitar  
að metnaðarfullum,  
kröftugum og  
lausnamiðuðum  
frambjóðendum.  
Næg verkefni fyrir  
réttu fólkið.

Upplýst ákvörðun í  
kjörklefanum skiptir máli.

**Allt um stefnu  
Samtaka iðnaðarins á si.is.**

**KJÓSUM GOTT LÍF**

Innviðafjárfestir  
aðra

## DAGSKRÁ

## Mánudagur

## STÖÐ 2

- 07.00 Simpson-fjölskyldan  
07.25 Tommi og Jenni  
07.45 The Middle  
08.10 2 Broke Girls  
08.35 Ellen  
09.15 Bold and the Beautiful  
09.35 Doctors  
10.20 Who Do You Think You Are  
11.05 Sullivan & Son  
11.25 Eldhúsið hans Eypórs  
11.50 My Dream Home  
12.35 Nágrannar  
13.00 Britain's Got Talent  
14.10 Britain's Got Talent  
14.35 Britain's Got Talent  
15.45 Britain's Got Talent  
16.10 Falcon Crest  
17.00 Bold and the Beautiful  
17.20 Nágrannar  
17.45 Ellen  
18.30 Fréttir Stöðvar 2  
18.55 Íþróttir  
19.05 Fréttir Stöðvar 2  
19.20 Grand Designs. Australia  
Frábærir þættir þar sem fylgst er með stórkostlegum endurbótum á heimilum þar sem oftast er ekki er lögð áhersla á nútíma hönnun, orkunýtni og hvernig eigi að hámarka nýtingu á plássi og útsýni. Hér sjáum við fjölskyldur og einstaklinga leggja allt í sölnar til þess að eignast sitt fullkomna draumaheimili.  
20.15 Gulli byggir Önnur syrpa þessara frábæru þátta í umsjón Gulla Helga sem aðstoðar nú fólk við ýmsar endurbætur á híbýlum sínum. Ekkert verkefni er of stórt og hér er litið til lausna á frumlegan og skapandi hátt. Verkefni eru af ýmsum toga, hér verður meðal annars ráðist í endurbætur á baðherbergi, eldhúsi, barna-herbergi og jafnvel einbýlishúsum. Allt eru þetta krefjandi áskoranir og tekur mun lengri tíma en fólk áætla en verðlaunin eru gefandi í lokin.  
20.40 The Night Shift  
21.25 Westworld  
22.20 Quarry  
23.15 Major Crimes  
00.00 The Path  
00.50 Underground  
01.35 Murder In The First  
02.15 Top Five  
03.55 The Mysteries of Laura  
04.40 Show Me A Hero  
05.35 Show Me A Hero

## STÖÐ 2 SPORT

- 07.25 NFL  
09.45 Undankeppni HM  
11.25 Undankeppni HM  
13.05 Undankeppni HM  
14.45 Formúla E  
16.25 Undankeppni HM  
18.05 HM Markasyrpa  
18.35 Undankeppni HM  
20.45 HM Markasyrpa  
21.15 Meistaradeild Evrópu  
21.40 Undankeppni HM  
23.20 Undankeppni HM  
01.00 HM Markasyrpa  
01.30 Formúla E

## STÖÐ 2 SPORT 2

- 08.05 Domino's deild kvenna  
09.45 Undankeppni HM  
11.30 HM Markasyrpa  
11.55 Undankeppni HM  
13.35 Undankeppni HM  
15.15 Domino's deild kvenna  
16.55 Undankeppni HM  
18.35 Undankeppni HM  
20.45 Domino's deild karla  
22.25 Körfuboltakvöld  
23.55 Undankeppni HM 2018

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió  
FM 89,5 Retro  
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
FM 93,5 Rás 1  
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland  
FM 96,7 Létt Bylgjan  
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan  
FM 99,4 Útvarp Saga  
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

## GULLI BYGGIR



## GULLI BYGGIR

Gulli Helga aðstoðar fólk við ýmsar endurbætur á híbýlum þess og ekkert verkefni er of stórt þannig að það sé ekki leyst á frumlegan og skapandi hátt. Stórskemmtilegir þættir.

FRÁBÆRT  
MÁNUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á [365.is](http://365.is)

365

GRAND DESIGNS:  
ÁSTRALÍA

Frábærir og flottir hönnunarbættir þar sem fylgst er með uppbyggingu og endurbótum á smekklefum heimilum fólks í Ástralíu. Hönnun og húsa-gerðarlist á heimsmeilivörðum.



## THE NIGHT SHIFT

Það er nóg að gera hjá læknum á bráðamóttökunni í San Antonio að vanda. Spennandi læknaþættir um ástir og örlög.



NÝIR  
SPENNUPÆTTIR  
FRÁ  
HBO

HEIMILI  
HBO WESTWORLD

Mannleg vélmenni sjá um að sinna öllum þörfum gesta í fullorðins skemmtigarði en fljótlega kemur í ljós galli í vélmenninum sem hefur ógnvænlegar afleiðingar í för með sér. Glæný hörkuspennandi þáttasería úr smiðju HBO með Anthony Hopkins og Ed Harris í aðalhlutverkum.

HEIMILI  
HBO QUARRY

Mac Collins á erfitt uppdráttar eftir erfiðan tíma í Víetnamstríðinu og upplifir sig utangátta í þjóðfélaginu. Hann lendir í slæmum félagsskap í undirheimunum þegar heim er komið og tilveran fer á hvolf.



## 2 FAST 2 FURIOUS

Ökupórin Brian O'Connor hefur flutt sig um set og þeysir nú um götur Miami en fjórði varir ekki lengi og Brian er gómaður af löggunni.



365.is

## STÖÐ 3

- 17.40 Cougar Town  
18.05 Two and a Half Men  
18.30 Modern Family  
18.55 Föstbræður  
19.25 Entourage  
19.55 Ástriður  
20.25 Sælkeriferðin  
20.45 Who Do You Think You Are?  
21.50 Pretty Little Liars  
22.35 The Last Man on Earth  
23.00 The Americans  
23.45 The Mentalist  
00.30 Ástriður  
00.55 Sælkeriferðin  
01.20 Who Do You Think You Are?  
02.05 Pretty Little Liars  
02.50 Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

- 07.00 Strumpanir  
07.25 Gulla og grænjaxlarnir  
07.37 Stóri og Litli  
07.49 Hvellur keppnisbill  
08.00 Zigby  
08.10 Ævintýraferðin  
08.25 Latibær  
08.47 Mæja býfluga  
09.00 Dóra könnuður  
09.24 Mörgæsinnar frá Madagaskar  
09.47 Doddi litli og Eyrnastór  
10.00 Áfram Diego, áfram!  
10.24 Svampur Sveins  
10.49 Lalli  
10.55 Rasmus Klumpur og félagar  
11.00 Strumpanir  
11.25 Gulla og grænjaxlarnir  
11.37 Stóri og Litli  
11.49 Hvellur keppnisbill  
12.00 Zigby  
12.10 Ævintýraferðin  
12.25 Latibær  
12.47 Mæja býfluga  
13.00 Dóra könnuður  
13.24 Mörgæsinnar frá Madagaskar  
13.47 Doddi litli og Eyrnastór  
14.00 Áfram Diego, áfram!  
14.24 Svampur Sveins  
14.49 Lalli  
14.55 Rasmus Klumpur og félagar  
15.00 Strumpanir  
15.25 Gulla og grænjaxlarnir  
15.37 Stóri og Litli  
15.49 Hvellur keppnisbill  
16.00 Zigby  
16.10 Ævintýraferðin  
16.25 Latibær  
16.47 Mæja býfluga  
17.00 Dóra könnuður  
17.24 Mörgæsinnar frá Madagaskar  
17.47 Doddi litli og Eyrnastór  
18.00 Áfram Diego, áfram!  
18.24 Svampur Sveins  
18.49 Lalli  
18.55 Rasmus Klumpur og félagar  
19.00 Lotta í Skarkalagötu

Könnuðurinn  
Dóra kl.  
09.00, 13.00  
og 17.00



## GOLFSTÖÐIN

- 08.20 Alfred Dunhill Links Championship  
12.50 PGA: Arnold Palmer Special  
13.15 Alfred Dunhill Links Championship  
17.45 Golfing World  
18.35 Champions Tour Highlights  
19.30 Alfred Dunhill Links Championship

## BÍÓSTÖÐIN

- 12.05 Journey to the Center of the Earth  
13.40 Beethoven's Treasure Tail  
15.15 Mr. Holmes  
17.00 Journey to the Center of the Earth Íslenska Hollywood-stjarnan Anita Briem leikur aðalhlutverkið í þessari bandarísku ævintýramynd fyrir alla fjölskylduna sem er lauslega byggð á sigldri visindaskáldsögu Jules Verne, Leyndardómi Snæfellsjökuls.  
18.35 Beethoven's Treasure Tail  
20.15 Mr. Holmes  
22.00 2 Fast 2 Furious Hasarmynd af bestu gerð. Ökupórin Brian O'Connor hefur flutt sig um set og þeysir nú um götur Miami. En fjórði varir ekki lengi því Brian er gómaður og lögreglan setur honum úrslitakosti. Hann fær nýtt hlutverk sem er engu hættumínna en hraðaksturinn á strætum borgarinnar. Til að bjarga eigin skinni þarf ökupórin að fletta ofan af völdugum eiturfjabaróni sem svífst einskis.  
23.50 Bessie  
01.45 Wedding Ringer  
03.25 2 Fast 2 Furious

## RÚV

- 17.50 Tákn málsfréttir  
18.00 KrakkaRÚV  
18.01 Hvolpasveitin  
18.24 Unnar og vinur  
18.50 Krakkafréttir  
19.00 Fréttir  
19.25 Íþróttir  
19.30 Veður  
19.35 Kastljós  
20.05 Heimur mannkynsins  
21.10 Næturvörðurinn  
22.00 Tíufréttir  
22.15 Veðurfréttir  
22.20 Alþingiskosningar 2016: Forystusætið  
22.50 Frumherjar sjónvarpsins – Frumkvöðlar  
23.45 Kastljós  
00.10 Dagskrárlök

## SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00 Pepsi MAX tónlist  
08.00 Black-ish  
08.20 Dr. Phil  
09.00 The Biggest Loser  
09.45 The Biggest Loser  
10.30 Pepsi MAX tónlist  
13.20 Dr. Phil  
14.00 America's Funniest Home Videos (30:44)  
14.20 Scorpion  
15.05 Grandfathered  
15.25 The Odd Couple  
15.50 Crazy Ex-Girlfriend  
16.35 The Tonight Show  
17.15 The Late Late Show with James Corden  
17.55 Dr. Phil  
18.35 Everybody Loves Raymond  
19.00 King of Queens  
19.25 How I Met Your Mother  
19.50 Superstore  
20.15 Hotel Hell  
21.00 Hawaii Five-0  
21.45 Shades of Blue  
22.30 The Tonight Show  
23.10 The Late Late Show with James Corden  
23.50 Scandal  
00.35 Sex & the City  
01.00 Rosewood  
01.45 Mr. Robot  
02.30 Hawaii Five-0  
03.15 Shades of Blue  
04.00 The Tonight Show  
04.40 The Late Late Show with James Corden  
05.20 Pepsi MAX tónlist

BYGGÐ Á EINNI UMTÖLUBUSTU  
METSÖLUBÓK SEINNI ÁRA



- ENTERTAINMENT WEEKLY



- VARIETY

"VIVID PERFORMANCES  
FROM THE CAST"

"EMILY BLUNT IS PERFECT"

"THE GIRL ON THE TRAIN IS  
SEXY AND BRUTAL"

"SUPERB JOB"

"SOLID THRILLER"

"EMILY BLUNT GIVES RACHEL  
MULTIPLE DIMENSIONS"

THE  
GIRL  
ON THE  
TRAIN  
TRAIN

MYND SEM ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF

KOMIN Í BÍÓ

SAMBÍÓN  
EGILSHÖLL

SAMBIO.is

KEFLAVÍK  
SAMBÍÓN

AKUREYRI  
SAMBÍÓN

KRINGLAN  
SAMBÍÓN

ÁLFABAKKI  
SAMBÍÓN



## LÍFIÐ



Þorbjörn Einar Guðmundsson, fatahönnuður og stofnandi ULFR.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Strákar með fatamerki

Nú á dögum samfélagsmiðla virðast fleiri strákar leggja fyrir sig fatahönnun hér á landi. Fréttablaðið lítur hér aðeins á nokkur tiskumerki, stofnuð af ungum strákum með stóra drauma.

## RVK Roses

„Við höfum lengi haft áhuga á fatnaði en fatahönnun og öll þau atriði sem þarf að hafa í huga þegar framleiða á sín eigin fót er eitthvað sem við urðum spennir fyrir í framhaldsskóla. Með tilkomu allra þeirra samskiptamiðla sem til eru í dag höfum við getað fylgst með þeirri þróun sem hefur átt sér stað síðan við vorum ungir og það drifur okkur mikið áfram,“ segir Arnar Leó og Sturla Sær Fjeldsted voru á hagfræðibraut við Menntaskólann við Sund fór Arnar Leó að veita því athygli að Sturla Sær, samnemandi hans, hafði verið að sauma fót heima hjá sér og birta af þeim myndir á Instagram. Arnar sem hafði þá aldrei haft samskipti við Sturlu, stakk upp á því að stofna fatamerki með honum og úr varð Reykjavík x Roses sem síðar varð Reykjavík Roses. Í skólanum var frumkvöðlafræði áfangi þar sem nemendur áttu að stofna sitt eigið fyrirtæki og þeir sáu möguleika í því að nota Reykjavík Roses í verkefnið.

Arnar Leó og Konráð Logi Bjartmarsson sátu oftast en ekki saman í tímum og hafði Arnar sýnt Konráði myndir af fötum sem þeir Sturla höfðu hannað, Konráði leist vel á og sá mikla framtíðarmöguleika í merkinu. Úr varð þetta þriggja manna teymi sem í dag á fyrirtækið Three Roses ehf. sem stendur á bak við fatamerkið Reykjavík Roses.

Hverjar eru helstu fyrirmyndirnar í faginu?  
„Þær eru ekki fáar en til þess að nefna nokkrar af þeim þá eru það Angel Brian Diaz og Shawn Tanju stofnandi Palace og Jerry Lorenzo sem stendur fyrir merkinu Fear of God.“  
Hver er þælingin bak við merkið og hvað einkennir það?  
„Þar sem Ísland er gríðarlega vinsælt og vinsældirnar virðast bara ætla að aukast þá fannst okkur tilvalið að nota Reykjavík sem hluta á nafni merkisins. Svo hafa rósir alltaf verið í tisku og munu alltaf vera það, tákni um hlýju, ást og rómantík.  
Stíllinn einkennist af götutísku þar sem tvær stefnur verða í fyrirrúmi, annars vegar fót þar sem mikil vinna er lögð í grafíkuna og alla vinnslu á því sem sett er á fötin, bæði merki og myndir og hins vegar einföld og stílhrein hönnun sem skilar sér í fallegum flikum. Í rauninni eru fötin hugsuð fyrir fólk á öllum aldri en markhópurinn sem við einblinum á eru öll kyn á aldrinum 15 til 30 ára.“  
Í dag er hægt að nálgast fötin í Smash í Kringlunni en Arnar Leó og Sturla Snær eru verslunarstjórar þar.

Er ætlunin að opna eigin verslun, eða jafnvel fara út fyrir landsteinana eða í fjöldaframleiðslu?  
„Framtíðarþælingarnar eru miklar og möguleikarnir margir. Erfitt er að svara því núna hvað verður, en stefnan er sett á að selja fót erlendis í náninni framtíð og til þess þarf að breyta og stækka framleiðsluferlið. Að opna eigin verslun er eitt af langtímaframtíðarmarkmiðum okkar, hvar og hvenær nákvæmlega er ekki komið á blað en klárlega eitthvað sem við stefnum á.“

## ULFR

„Ég er búinn að vera „obsessed“ með fatnað, hönnun, tónlist og myndlist síðan ég var barn og hef talað um að gera þetta allt mitt líf, þannig að það er langt síðan hugmyndin að ULFR fæddist,“ segir Þorbjörn Einar Guðmundsson, stofnandi ULFR.

„Það var ekki fyrr en 2012, þegar ég var að vinna fyrir ítalskt fatafyrirtæki, að mér fannst ég vera að missa af einhverju og sagði við sjálfan mig að núna væri tími til að fara að gera mitt eigið. Ég hafði ekki hugmynd um hvernig ég færi að því en ég var sannfærður um að ég myndi finna út úr því eins og öllu öðru sem ég tek mér fyrir hendur. Ég var með hugmynd og þá varð ekki snúið til baka.“

Ef við lítum á stóru myndina þá er þetta ástríða og eitthvað sem ég hef fulla trú á. Frelsið að vinna fyrir sjálfan sig við hluti sem maður hefur svona mikla ástríðu fyrir og hefur langað til að gera frá því maður var krakki, það er ekkert til í líkingu við það.“

Hverjar eru helstu fyrirmyndirnar í faginu?

„Ég hef engar sérstakar fyrirmyndir, það er frekar að ég sækji mér meiri innblástur úr ólíkum áttum.“

Hver er þælingin með merkinu?

„Einfalt, stílhreint og stílað inn á stráka.“

Er ætlunin að opna verslun eða fara út fyrir landsteinana?

„Kannski ekki opna verslun eins og er, en það er slatti af pöntunum sem kemur að utan. Einnig hef ég fengið fyrirspurnir frá verslunum erlendis um að endurselja fatnaðinn og ég er að skoða það.“

Fötin frá ULFR er hægt að kaupa á ulfrclothing.com.



Guðjón Geir Geirsson, Anton Birkir Sígússon og Róbert Ómar Elmarsson eru mennirnir á bak við fatamerkið Inklaw. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Inklaw

„Merkið var stofnað af þeim Guðjóni Geir Geirssyni og Róberti Ómari Elmarsyni, sem þá voru 19 ára gamlir, fyrir tæpum þremur árum. Þetta byrjaði í raun þannig að þeir ákváðu að prenta á hlýraboli og selja þá á Íslandi. Eftir að hafa gert fleiri slíkar árangursríkar tilraunir, til dæmis með derhúfur og stuttermaboli, voru þeir heillaðir af þeirri hugmynd að gera fötin alveg frá grunni sjálfir. Í framhaldinu lærði Guðjón að sauma með hjálp YouTube á meðan Róbert leitaði leiða til að ná í viðskiptavinum. Þetta leiddi til útgáfu á fyrstu fullbúna fatalinu merkisins árið 2014. Voru vörur þessar saumaðar eftir pöntunum og seldar í gegnum netverslun merkisins, inklawclothing.com.“

Helstu fyrirmyndirnar okkar eru sennilega Yohji Yamamoto og Alexander Wang.  
Við höfum hingað til nánast einungis selt á netinu. Netverslun er gott tól að því leyti að þú takmarkar þig ekki við einhvern einn stað. Öllu heldur gerir hún þér kleift að selja vörur þínar í raun hvert sem er. Það er hins vegar þannig að sala á fatnaði fer enn mestmegnis fram í hefðbundnum verslunum þótt netverslun sé sífellt að aukast. Getur það því verið heillandi tilhugsun að fara í hefðbundnar verslanir, en framleiðsluáðferðin sem við höfum tileinkað okkur hefur gert okkur erfitt fyrir að stunda heildsölu. Það að sauma hverja flik frá grunni sjálfur getur vissulega verið kostnaðarsamt og tímafrekt,“ segir Anton Birkir Sígússon hjá Inklaw.



Arnar Leó, Sturla Sær og Konráð Logi kynntust í Menntaskólanum við Sund. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**OUTLET**

AUKA **30%**  
AFSLÁTTUR\*

**Í HAGKAUP  
HOLTAGÖRÐUM  
6.-16. OKTÓBER**

\*Gildir ekki af snyrtivörum.

**HAGKAUP**  
Sæmmtilegast að versla


# Hrollvekkjur veita frelsi

**Erlingur Óttar Thoroddsen** leikstýrir myndinni *Child Eater* sem verður frumsýnd á Brooklyn Horror Film Festival þann 16. október.

Ég hef verið mikill aðdáandi hryllingsmynda frá því ég var barn. Eitt af því sem heillar mig við hrollvekkjur er tilfinningin sem maður upplifir þegar maður situr í fullum bíósal og allir eru spennir og óskrandi. En faglega, þá heillar frelsið. Hrollvekkjur veita manni mikið frelsi til að gera alls konar skýrtna hluti og leika sér með myndmálið og myndavélina. Ætli það megji ekki segja að hrollvekkjan hafi fundið mig og ég gefið mig henni á vald,“ segir leikstjórinn Erlingur Óttar Thoroddsen um hrollvekkjuna *Child Eater* sem verður heimsfrumsýnd á Brooklyn Horror Film Festival þann 16. október. Myndin, sem er fyrsta kvikmynd leikstjórans í fullri lengd, er lokamynd hátíðarinnar og seldist upp á sýningu hennar á innan við klukkustund.

Erlingur Óttar útskrifaðist með MFA-gráðu í kvikmyndaleikstjórn frá Columbia University í New York árið 2013. Lokaverkefni hans frá skólanum voru stuttmyndirnar *Child Eater* og *The Banishing*, en sú fyrri hlaut mikið lof frá gagnrýndum og var sýnd á kvikmynda-hátíðum víða um heim.

*Child Eater* gerist í litlum bæ í Bandaríkjunum og segir frá ungru stúlku sem er fengin til að passa lítinn strák sem síðan hverfur sporlaust. „Í bænum gengur saga manna á milli um dularfullan mann sem býr í skóginum og borðar augun úr börnum svo hann verði sjálfur ekki blindur. Litli strákurinn segir barnfóstrunni frá manni sem felur sig inni í skápnum í herberginu hans og svo hverfur hann og stelpan fer út að leita,“ segir Erlingur þegar hann er



Kvikmynd Erlings Óttars, *Child Eater*, gerist í litlum bæ í Bandaríkjunum og segir frá ungru stúlku sem er fengin til að passa lítinn strák sem síðan hverfur sporlaust.

beðinn um að lýsa söguþræði myndarinnar.

„Hugmyndin var að gera mynd í anda hrollvekkja níunda áratugarins með ikonísku illmanni, eins og *Nightmare on Elm-street*. Eftir velgengni stuttmyndarinnar kom upp sú þæling að gera mynd í fullri lengd. Vandinn sem við stóðum frammi fyrir þá var hvernig við ætluðum að lengja hana og fylla í eyðurnar,“ útskýrir hann. Við tók langt ferli þar sem Erlingur Óttar skrifaði fjölda uppkasta að lengra handriti. „Þegar maður byrjar skrifa maður eins og maður sé með endalaust fjármagn, en svo þarf maður að sniða sér stakk eftir vexti, þannig að handritið breyttist heilan helling frá fyrsta uppkasti og til þess síðasta.“

Inntur eftir því hvort hann sé fyrsti íslenski leikstjórinn sem sérhæfir sig í hrollvekkjum, telur Erlingur svo vera. „Það eru auðvitað til íslenskar hrollvekkjur, en þeir leikstjórar hafa þá yfirleitt gert bara

eina hrollvekkju og svo snúið sér að öðrum verkefnum. Ég held að ég sé sá eini sem hefur sérhæft sig í þessari tegund kvikmynda.“

Aðspurður segir hann ýmis verkefni í bígerð – allt hrollvekkjur, auðvitað – og það sé bara spurning hvaða verkefni verði fyrst fyrir valinu.

Erlingur Óttar Thoroddsen, leikstjóri.

„Ég er líka að leggja lokahönd á mynd sem ber heitið *Rökkur* og var tekin upp á Íslandi í vor. Svo hef ég átt fundi með hinum og þessum aðilum innan bransans úti í Bandaríkjunum, en þetta er þannig heimur að fólk talar mikið og stórt þannig að maður veit aldrei hvað kemur út úr þeim fundum. Ég lít bara á þetta sem tækifæri til að kynna fólk og stækka tengslanetið.“

*Child Eater* verður Evrópufrumsýnd í Bíói Paradís þann 28. október, helgina fyrir hrekkiþjóku.

sara@frettabladid.is

## Yoko Ono, 13 daga danshátíð

annar dagur í dögum

breathe

at dawn

andaðu



YOKO ONO DANCE COMPANY IS DAYS DANCE FESTIVAL London '68 COPYRIGHT YOKO ONO 1968

Yoko Ono 13 daga danshátíð. Reykjavík 2016 © Yoko Ono Dance Company. Listasafn Reykjavíkur.

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson [svanur@365.is](mailto:svanur@365.is) ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Guðaf Bjarnason [guðaf@365.is](mailto:guðaf@365.is), Hafsteinn Hafsteinsson [hafsteinn@365.is](mailto:hafsteinn@365.is), Hjördis Zoëga Hjördis [hjordis@365.is](mailto:hjordis@365.is), Sigfús Örn Einarsson [sigfus@365.is](mailto:sigfus@365.is), Örn Geirsson [orn.geirsson@365.is](mailto:orn.geirsson@365.is) FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann [atli.bergmann@365.is](mailto:atli.bergmann@365.is), Jóhann Waage [johannwaage@365.is](mailto:johannwaage@365.is), Jón Ivar Vilhelmsson [jonivar@365.is](mailto:jonivar@365.is), Ólafur H. Hákonarson [olafurh@365.is](mailto:olafurh@365.is), FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir [solveig@365.is](mailto:solveig@365.is) og Vera Einaradóttir [vera@365.is](mailto:vera@365.is) RADAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason [hrannar@365.is](mailto:hrannar@365.is), Víðar Ingi Pétursson [vip@365.is](mailto:vip@365.is) ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir [arnarut@365.is](mailto:arnarut@365.is), Sigrún Helga Guðmundsdóttir [sigrunh@365.is](mailto:sigrunh@365.is)

Við eigum afmæli og nú er veisla

DORMA

Láttu drauminn rætast



**NATURE'S REST** heilsurúm

Nature's Rest heilsudýna með botni. Stærð: 160x200 cm. Fullt verð: 99.900 kr.



Aðeins 79.920 kr.

20%  
AFSLÁTTUR



Val um svart eða hvítt PU-leður eða grátt áklæði á Classic botni.



20%  
AFSLÁTTUR  
af 180 x 200 cm á meðan birgðir endast.

Aukahlutur á mynd: Gafi

Val um svart eða hvítt PU-leður eða grátt áklæði á Classic botni.



**NATURE'S SURPREME** heilsurúm

Nature's Supreme heilsudýna með Classic botni. Stærð: 180x200 cm. Fullt verð: 164.900 kr.

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðir stálfaetur
- Sterkur botn
- 320 gormar pr. m<sup>2</sup>
- Vandaðar kantstyrkingar

Aðeins 129.900 kr.



Afmælisstóllinn

**Polo** hægindastóll

Svart eða brúnt PU-leður Stærð: 80x90 H: 105 cm.

Fullt verð: 39.900 kr.

50%  
AFSLÁTTUR

Aðeins 19.950 kr.

Þú finnur afmælisbæklinginn okkar á [www.dorma.is](http://www.dorma.is)



Holtgöðrum, 512 6800  
Smáratorgi, 512 6800  
Dalsbraut 1, Akureyri  
Skeiði 1, Ísafjörður

Afgreiðslutími sjá  
[www.dorma.is](http://www.dorma.is)

DORMA

Láttu drauminn rætast



Jóhann Ólafsson & Co  
1916-2016

- umboðsaðili OSRAM á Íslandi frá árinu 1948

# SJÁÐU HEIMINN Í RÉTTU LJÓSI MEÐ OSRAM

## Friðarsúla Yoko Ono í Viðey var tendruð á ný í gær.

Friðarsúlan er samsett úr níu 7000 W OSRAM XBO perum sem mynda sterka ljóssúlu til himins. Auk þess eru sex 2000 W OSRAM XBO perur sem lýsa lárétt inn göng sem vísa að ljósbrunninum sjálfum og er endurkastað upp á við með speglum innan í brunninum.

Þéttleiki ljóssins er háður sífelldum breytingum á ögnum í andrúmsloftinu sem hegða sér í takt við margbreytilega veðráttu sem einkennir Ísland.

SJÁÐU HEIMINN Í NÝJU LJÓSI

**OSRAM**



## Bakpankar

Berglindar  
Pétursdóttur



## Sá tími árs

Ótrúlegt, enn og aftur er komið haust. Það væri hægt að stilla klukku eftir þessu, alltaf kemur haust að sumri loknu. Margir merkilegir hlutir hafa gerst um haust. Það var til dæmis um haust árið 1975 þegar Stuðmenn hurfu í reykmekki að ung konan var skilin eftir til að eignast Hörð. Það var líka síðla hausts þegar Vémundur, bróðir Auðbjarnar konungs, hélt Firðafylki og gerðist þar konungur yfir, eins og flestir þekkja úr Egils sögu. Af hverju er haustinu ekki fagnað eins og byrjun sumars og vetrar? Fyrsti vetrardagur er einn hátíðlegasti dagur ársins, en haustið fær ekkert pepp. Eru vor og haust bara einhverjar aukaárstíðir sem ekki ber að fagna?

Enginn annar árstími en haustið lætur mig langa að kunna á gítar svo ég geti samið sorgarsöngva undir tré á meðan laufin hrynja yfir mig. Dag er tekið að stytta og áður en við getum sagt skammdegisþunglyndi munum við sitja með hendur í skauti í rökkriinu allan sólarhringinn. Það þarf engan að undra að svo mörg ljóð séu samin um grámann sem fylgir þessum tíma. Þetta er ógeðslega glatað í raun, sérstaklega þetta með laufin. Þælið í því að vera tré sem stendur þakið skruði yfir sumartímann, akkurat á meðan sólin skin og standa svo allsber fyrir framan alþjóð á meðan veturinn gengur yfir? Það er bara virkilega óheppilegt fyrir tré, svona per se.

Haustið er vissulega tími nýs upphafs líka. En í formi nýrra stundatafla og skólaára. Haustið er stórkostlegur tími til að líða smá illa. Upp með gítarinn, elskurnar, með tár á hvarmi og lauf í hári munum við þrauka til vors. Bara 6 naprir mánuðir til stefnu.

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

OPIÐ 24 TÍMA

**Iceland**

ALLA DAGA | OPINNI DAGSKRÁ | 18:55 | F1

ALLA DAGA | 18:55 | OPINNI DAGSKRÁ | F1

**ÍPRÓTTAFRÉTTIR**

Öll helstu tilbrifin og mörkin!  
Skotheldur sportpakki sem þú færð bara í kvöldfréttum Stöðvar 2

365.is Sími 1817



KING KOIL.

**Haust  
tilboð**

HVERJU SUMMER GLOW RÚMI FYLGIR  
ÞÝSKT GÆÐA BELLANA DELUXE-LAK  
AÐ ANDVIRÐI Kr. 14.900! - 15 LITIR Í BOÐI

## SUMMER GLOW

### AMÉRISKT HEILSURÚM

Millistíf / Mjúk (Queen Size 153x203 cm)

- Millistíft fimm- svæða skipt 798 pokagormakerfi þar sem hver gormur er innpakaður og því nánast engin hreyfing milli svefnsvæða.
- Mjúkur toppur 4 cm af þrýstijöfnunar gelsvampi, gæða kaldsvampi og polyfiber fyllingu.
- Dýnan er með stífum og góðum köntum sem gerir það að verkum að svefnflöturinn nýtist vel.
- Svartur, hvítur eða brúnn PU-leðurklæddur stífur botn með fótum.

**40%  
afsláttur**

Fullt verð 278.710 kr.

**TILBOÐSVERÐ 167.226 kr.**